Rektorar allra háskóla sameinast
Allir háskólarektorar landsins hafa fundað saman um það hvernig nýta megi skólana til uppbyggingar í því árferði sem nú er. Svafa Grönfeldt lýsir verkefni HR og Listaháskólans sem kalla mætti hugmyndahús fyrir hugmyndaríkt hústökufólk.
10






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. nóvember 2008 — 307. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



BORGARNESBOLLAN
Þorvaldur Kristbergsson, sem kallaður er Borgarnesbollan, og þrettán aðrir kraftajötnar halda á heimsmeistaramót í Austurríki.
FÓLK 22

Vörpuðu kúlu 106 metra
Félag véla- og iðnaðarverkfræðinema í HÍ stóð fyrir valslöngvukeppni í Víðidal.
FÓLK 16

Kærkomin samverustund
Íslenski söfnuðurinn í London hélt upp á 25 ára starfsafmæli í Sænsku kirkjunni í London.
TÍMAMÓT 12

FJÖLSKYLDAN




VEÐRIÐ Í DAG




**STÍFUR AF NORÐRI** Í dag verða norðaustan 8-15 m/s víðast hvar hvassast norðvestan til og við SA-ströndina. Skúrir eða slydda norðan til og austan en bjart með köflum sunnan og vestan til. Hiti 2-8 stig.
VEÐUR 4



Á FJÓRÐA ÞÚSUND MÓTMÆLTI Á AUSTURVELLI Aðsúgur var gerður að lögreglunni í fjöldamótmælum við Alþingishúsið í gær. Átti hún á köflum fullt í fangi með að hafa stjórn á þeim sem æstastir voru og var einn maður handtekinn og fluttur á brott. Krafist var aðgerða vegna efnahagsástandsins. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krefjast rannsóknar á fullyrðingu Sigurðar

**Fyrrum stjórnarformaður Kaupþings segir Davíð Oddsson seðlabankastjóra hafa hótað því að taka bankann niður yrði ekki hætt við umsókn um að fá að gera upp í evrum. Forystumenn stjórnarandstöðunnar vilja rannsókn.**

**VIÐSKIPTI** Sigurður Einarsson staðhæfði í viðtali við Markaðinn á Stöð 2 í gær að þeim Davíð Oddssyni seðlabankastjóra hefði lent saman á fundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington á síðasta ári. Davíð hefði meðal annars hótað Sigurði að taka bankann niður ef umsókn bankans um að fá að gera upp í evrum yrði ekki dregin til baka.

„Þetta eru auðvitað mjög alvarlegar ásakanir sem hljóta að koma til skoðunar eins og annað sem tengist aðdraganda þessara óskapa,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, segir fulla ástæðu til að rannsaka ásakanir Sigurðar. „Hafi seðlabankastjóri mælt þessi orð verður það að teljast alveg ótrúlegt og vítavert. Það er ómögulegt að bera traust til embættismanna sem tala svona.“

> Hafi seðlabankastjóri mælt þessi orð verður það að teljast alveg ótrúlegt og vítavert. Það er ómögulegt að bera traust til embættismanna sem tala svona.
>
> **GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON**
> FORMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins, segir ummæli Sigurðar dæmigerð fyrir þau mörgu mál í aðdraganda bankahrunsins sem taka þurfi til rannsóknar.

„Vonandi gerist það í þessari viku að Alþingi taki það í sínar hendur með föstum hætti, annaðhvort í gegnum stjórnarskrá eða sérstök lög, að skipa öfluga rannsóknarnefnd til að fara yfir þessi mál. Þetta (ummæli Sigurðar) er liður sem kemur þar inn til rannsóknar,“ segir Guðni.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Geir Haarde forsætisráðherra síðdegis í gær kvaðst hann hafa verið á fundum allan daginn og hvorki séð viðtalið við Sigurð né kynnt sér innihald þess. „Ég sé ekki ástæðu til að svara þeirri spurningu núna,“ svaraði Geir aðspurður hvort ástæða væri til þess að sannleiksgildi ummæla Sigurða yrðu rannsökuð.

Spurður um ummæli Sigurðar vísar Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra til væntanlegrar umfangsmikillar rannsóknar innlendra og erlendra sérfræðinga á aðdraganda bankahrunsins. Það standi aðallega á þeim Sigurði og Davíð að útskýra þetta tiltekna mál og því ekki ástæða til að flýta rannsókn þess sérstaklega.

„Í rannsókninni verður ekkert dregið undan. Ef Sigurður heldur þessu fram er sjálfsagt mál að það verði leitt til lykta þar,“ segir Björgvin.
- kg, gar / sjá síðu 6

Mannslát í sumarbústað:

## Þrír grunaðir

**LÖGREGLUMÁL Tæplega fertugur karlmaður af erlendum uppruna fannst látinn í sumarbústað skammt frá Selfossi í gær. Þrír samlandar hans, sem voru á vettvangi, hafa réttarstöðu grunaðra í málinu. Þeir eru á aldrinum 18 til 32 ára.**

**Klukkan 8.22 fékk lögreglan tilkynningu frá manni sem kvaðst hafa komið að félaga sínum látnum í sumarbústað sem þeir gistu í ásamt tveimur konum. Tæknideild lögreglu höfuðborgarsvæðisins og réttarmeinafræðingur rannsökuðu vettvanginn í gær.** - fb









## SPURNING DAGSINS



*Páll, stendur til að buffa seðlabankastjórnina?*

„Ekki í dag.“

Hljómsveitin Buff hafði verið bókuð á árshátíð Seðlabankans sem hefur verið frestað fram í janúar. Buff þurfti því að bóka sig á Sjallann á Akureyri í staðinn. Páll Eyjólfsson starfar hjá umboðsskrifstofunni Prime, sem hefur Buff á sínum snærum.

Svartfugl af langvíuætt neitar að yfirgefa Náttúrugripasafn Vestmannaeyja:

# Félagslyndur og vill ekki frelsi

**DÝRALÍF** Svartfugl af langvíuætt sem Náttúrugripasafnið í Vestmannaeyjum tók að sér í sumar hefur ekki sýnt neinn áhuga á að fara aftur út í frelsið þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að koma honum þangað.

Kristján Egilsson, forstöðumaður safnsins, segir að fuglinum verði sennilega ekki sleppt fyrr en eftir áramót. „Það var komið með hann í byrjun júlí. Strákar sem voru á tuðru úti á sjó fundu hann kaldan og hraktan. Við tókum hann í fóstur og höfum alið hann í sumar,“ segir Kristján, sem reyndi að sleppa honum fyrir hálfum mánuði. „Ég fór með hann út í Stórhöfða og setti hann þar á bjargbrúnina, skildi hann þar eftir og labbaði í burtu frá honum. Svo ætlaði ég að fylgjast með honum þegar hann tæki flugið en þegar hann heyrði hljóðið í öðrum fuglum hljóp hann til baka, kúrði sig við hliðina á mér og neitaði að fara.“

Kristján segir svartfuglinn mjög félagslyndan og að honum leiðist að vera einn. „Hann kallar sífellt á mig og vill bara fá að vera einhvers staðar nálægt. Ég er að sýna fólki hann sem kemur á safnið og set hann á gólfið. Þá virðist hann alveg þekkja mig því þótt hann fari aðeins frá þá endar hann alltaf á því að stilla sér upp við hliðina á mér,“ segir hann og bætir við: „Þegar hann var minni átti hann til að fara upp á skóinn hjá mér og troða hausnum undir buxnaskálmina til að fá skjól.“

Spurður hvort hann vilji ekki bara taka svartfuglinn að sér sem gæludýr segir Kristján að það gæti orðið snúið. „Það er kannski ekki vinsælt að vera með þetta heima hjá sér. Hann lætur frá sér fara þar sem hann stendur, hann fer ekkert eins og kötturinn í kassa.“ - fb



**GÓÐIR VINIR** Kristján Egilsson, forstöðumaður Náttúrugripasafnsins, og svartfuglinn eru orðnir góðir vinir.



**HARÐUR ÁREKSTUR** Áreksturinn í gærkvöldi var harkalegur. Þrír voru fluttir á slysadeild og tíu til fimmtán fengu áfallahjálp. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þrír á slysadeild eftir árekstur:

# Strætisvagn ók á tvo fólksbíla

**SLYS Þrír voru fluttir á slysadeild eftir harðan árekstur strætisvagns og tveggja fólksbíla á Hringbraut vestan við Njarðargötu um hálfáttaleytið í gærkvöldi.**

**Talið er líklegt að annar bílstjórinn hafi verið að gefa hinum bílnum rafmagn og kom þá strætisvagninn aðvífandi með fyrrgreindum afleiðingum. Samkvæmt slökkviliðinu í Reykjavík er hugsanlegt að sá sem gaf rafmagnið hafi klemmst á milli bílanna. Vagnstjórinn var einn þeirra sem var fluttur á slysadeild en hann mun ekki hafa slasast illa. Tíu til fimmtán farþegar voru í strætisvagninum og fengu þeir áfallahjálp hjá starfsfólki Rauða krossins.** - fb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvaðir undir stýri

Þrír voru handteknir á höfuðborgarsvæðinu í gær grunaðir um ölvun við akstur. Einn þeirra er á tvítugsaldri en hinir tveir á fimmtugsaldri. Að sögn lögreglunnar gekk fyrrinótt stóráfallalaust fyrir sig en eitthvað var um pústra á milli manna.

# Fjármálaeftirlitið átti að stoppa Icesave

**Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, segir að strax í mars hafi verið ljóst að Landsbankinn stæði ekki undir Icesave-reikningunum.**

**VIÐSKIPTI** Viðvörunarbjöllur hjá fjármálaeftirliti á Íslandi, Bretlandi og viðskiptaráðuneytinu varðandi Icesave í Bretlandi fóru að hringja í marsmánuði, segir Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings. Hann telur að enn vanti svör við þeirri spurningu, hvers vegna Landsbankinn hafi fengið að halda áfram að safna innlánum inn á Icesave í Bretlandi og svo í fleiri löndum, þegar eftirlitsaðilum hafi verið ljóst að hann stæði ekki undir því.

„Þetta er í marsmánuði. Bankinn fær áfram í sex eða sjö mánuði að auglýsa og safna frekari innlánum sem gera vandann enn illviðráðanlegri og ég skil ekki af hverju þetta var ekki stoppað þá af íslenska Fjármálaeftirlitinu eða íslenska bankamálaráðherranum sem síðar gerir sér sérstaka ferð til Bretlands og hittir fjármálaráðherrann hér og ekkert gerist. Þetta verður enn þá óskiljanlegra í mínum huga þegar haft er í huga hvernig var komið fram við Kaupþing hér í Bretlandi í lok september og byrjun október,“ sagði Sigurður.

Sigurður telur stjórn Seðlabankans gjörsamlega hafa brugðist með því að stórefla ekki gjaldeyrisvaraforðann, þótt margir hafi kallað eftir því að innviðir íslenskra bankalífs yrðu styrktir, þar á meðal hann.

Sigurður bendir á að Kaupþing hafi á undanförnum árum reynt að minnka umsvif sín hér á landi og eftir á að hyggja hafi stærstu mistökin verið þau að flytja ekki höfuðstöðvarnar úr landi, úr myntsvæði íslensku krónunnar sem bæri augljóslega ekki slíka starfsemi. Þetta hefði átt að gera þegar viðræður voru um kaup á hollenska bankanum NIBC. Hægt hafi verið að láta hollenska bankann taka Kaupþing yfir, sem væri þá hollenskur banki í dag og hefði ekki farið í þrot. „Þetta voru stærstu mistökin sem við gerðum.“

Sigurður segir einnig að ákvörðunin um að þjóðnýta Glitni sé algjört lykilatriði í því sem síðar gerðist. Hann segir að um leið og þær fréttir bárust Kaupþingsmönnum hefði þeim litist afar illa á blikuna. „Um nóttina hringdi ég síðan í iðnaðar- og forsætisráðherra og bað þá um að nota ekki þessa aðferðafræði. Þetta væri það versta sem menn gætu gert. Það hlaut engan hljómgrunn hjá þeim og okkur fannst skrýtið að við sem stærsti banki landsins hefðum ekki verið hafðir með í ráðum.“

Sigurður segist geta fullyrt að þetta hefði ekki farið eins og þetta fór ef Ísland væri með evru og með stuðning frá Evrópska seðlabankanum.

bjorn.ingi@markadurinn.is



### VANDI ICESAVE VAR FYRST LJÓS Í ÁGÚST

Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra neitar því að hafa vitað um vandræði Landsbankans með Icesave-reikninga í Bretlandi í mars á þessu ári.

Í samtali við ríkisútvarpið í gær kvaðst viðskiptaráðherra fyrst hafa vitað um vandann í lok ágúst. Þetta stangast á við fullyrðingar Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns í Kaupþingi, á Markaðnum á Stöð 2 í gær og í Fréttablaðinu í dag. - gar

Allir básar upp pantaðir:

# Kolaportið fullt í kreppunni

**FÓLK Svo virðist sem vinsældir Kolaportsins séu meiri nú en nokkru sinni fyrr, því allir básar eru þegar upp pantaðir fram að jólum. „Það hefur yfirleitt verið mikið að gera hjá okkur á þessum tíma árs, en það er að gerast miklu fyrr núna. Vinsældir Kolaportsins hafa vaxið jafnt og þétt, en það er engin spurning að það er meiri fólksfjöldi sem kemur að versla núna,“ útskýrir Gunnar Hákonarson, framkvæmdastjóri Kolaportsins, og segir kreppuna óneitanlega hafa sitt að segja. „Hvort sem fólk hefur lent illa í kreppunni eða ekki er það farið að hugsa betur um notagildi hlutanna og að hver króna skiptir máli,“ bætir hann við.** - ag / sjá síðu 22



GUNNAR HÁKONARSON

Tveir handteknir í Keflavík:

# Keilufellsmenn stálu úr verslun

**LÖGREGLUMÁL** Tveir pólskir karlmenn voru handteknir fyrir að hnupla matvörum úr verslun í Keflavík í fyrradag. Annar mannanna var handtekinn fljótt og örugglega en hinn náði að komast undan. Hann var handsamaður í gær með dúkahníf á sér sem hann sagðist nota til vinnu.

Mennirnir, sem eru á þrítugsaldri, voru báðir viðriðnir Keilufellsmálið sem kom upp í Breiðholti fyrir nokkru síðan þegar hópur manna réðst inn í hús þar sem Pólverjar búa og börðu þá. Að sögn lögreglunnar í Keflavík eru báðir mennirnir taldir hættulegir og eru þeir í farbanni vegna Keilufellsmálsins. Báðir eru þeir búsettir í Reykjanesbæ. - fb






Fyrrverandi stjórnendur Landsbankans mótmæla fullyrðingum um Icesave:

# Nægar eignir til fyrir Icesave

**EFNAHAGSMÁL** „Af umræðum má ráða að Landsbankinn hafi ekki haft eignir til að setja á móti Icesave-innstæðum og því ekki orðið af dótturfélagavæðingu reikninganna. Þetta er alrangt,“ segir í yfirlýsingu frá fyrrverandi stjórnendum Landsbankans.

Landsbankamennirnir segjast gefa yfirlýsinguna vegna ítrekaðra umræðna um að aðgerðir breskra yfirvalda gegn dótturfélagi Kaupþings, Singer & Friedlander, tengdist á einhvern hátt málefnum Landsbankans og umræðum um Icesave-reikningana. Aðgerðirnar gegn Singer & Friedlander hafi verið á eigin forsendum eins og meðal annars hafi komið fram á breska þinginu.

Að sögn Landsbankamannanna átti bankinn ávallt nægilegt safn eigna til að mæta öllum skuldbindingum, þar með töldum innlendum og erlendum innlánum. Rangt sé að ekki hafi náðst að breyta Icesave í Bretlandi úr útibúi í dótturfélag vegna þess að Landsbankinn ætti ekki nægar eignir. Það hafi strandað á lagalegum atriðum:

„Bresk yfirvöld voru því miður ekki tilbúin til að koma til móts við Landsbankann um að leyfa bankanum að mynda jafnvægi milli inn- og útlána í skrefum og þannig tryggja að lánasamningar bankans stæðust.“

Þá kemur fram í yfirlýsingunni að eignasafn Landsbankans þurfi að rýrna um helming til þess að ekki séu til nægar eignir til að mæta forgangskröfum á hendur bankanum, þar með töldum kröfum vegna Icesave. - gar




**FYRRVERANDI BANKASTJÓRAR LANDSBANKANS** Segja helming eigna þurfa að glatast svo þær dugi ekki fyrir Icesave innlánum.





9. NÓVEMBER 2008

# FEÐRADAGURINN

## TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN

**Við skorum á yfirvöld að virða réttindi barna til beggja foreldra sinna.**

Réttarstaða foreldra sem ekki búa með börnum sínum er slakari á Íslandi en öllum öðrum löndum sem við miðum okkur við.

- Heimild dómara til að dæma sameiginlega forsjá er alls staðar fyrir hendi nema á Íslandi. Hér verða foreldrar ætíð að fara fram á fulla forsjá með tilheyrandi hörku í deilum.
- Börnum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð eru með lögum tryggð meiri umgengni við báða foreldra sína en á Íslandi.
- Meðlagsgreiðslukerfið er algjörlega úrelt og þarf að endurskoðast frá grunni með tilliti til raunverulegra samvista, barnabóta og skattaumhverfis.
- Umgengnistálmanir eru gríðarlegt vandamál, sérstaklega þar sem annað foreldrið beitir börnum sínum gegn hinu foreldrinu. Réttarkerfið er ráðþrota.

Styrkjum baráttuna fyrir foreldrajafnrétti þar sem vandamálin fara stöðugt vaxandi með breyttu fjölskyldumynstri. Gerist meðlimir í Félagi um Foreldrajafnrétti - Ársgjald einungis kr 2.000.

Skráning á **www.foreldrajafnrétti.is.**





**FÉLAG UM FORELDRAJAFNRÉTTI**

BARN Á RÉTT Á BÁÐUM FORELDRUM

www.foreldrajafnretti.is

## GENGIÐ 07.11.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 129,38 | 130,00 |
| Sterlingspund | 204,15 | 205,15 |
| Evra | 165,54 | 166,46 |
| Dönsk króna | 22,231 | 22,361 |
| Norsk króna | 18,96 | 19,072 |
| Sænsk króna | 16,485 | 16,581 |
| Japanskt jen | 1,3279 | 1,3357 |
| SDR | 192,44 | 193,58 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
223,2843

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



**DUDLEY MOORE** Hinn smávaxni breski leikari, sem sló í gegn sem Arthur í samnefndri mynd, lést árið 2002.

Réttarhöld yfir upptökustjóra:

## Phil vildi ekki líkjast Dudley

**DÓMSMÁL** Upptökustjórinn Phil Spector elti hóp ungra manna niður götu á Manhattan í New York með hlaðna byssu, eftir að mennirnir tóku Spector í misgripum fyrir breska leikarann Dudley Moore snemma á tíunda áratugnum. Þetta kom fram við yfirheyrslur í réttarhöldum yfir Spector í fyrradag, en hann er sakaður um morðið á leikkonunni Lönu Clarkson árið 2003.

Réttarhöld yfir Spector vegna málsins höfðu áður verið dæmd ómerk, en hófust að nýju í lok október. Ef hann verður fundinn sekur um morð af annarri gráðu á Spector von á minnst átján ára fangelsisvist, segir í Los Angeles Times. - kg

Öfugsnúin jarðhitaleit:

## Kaldavatnsmet í Eysteinsdal

**ORKUMÁL Talið er að kaldasta borhola Íslands sé í Eysteinsdal á Snæfellsnesi. Hitastig hennar mældist aðeins 2,1 stig á tvö hundruð metra dýpi. Það er líklega Íslandsmet segir á vef Snæfellsbæjar sem lét í haust bora nokkrar holur til að kanna möguleika á jarðhita. Aldrei áður hafi mælst eins köld hola á 200 metra dýpi eins og í Eysteinsdal.** - gar

Um 75 manns hafa fundist látnir eftir að skóli hrundi til grunna á Haítí:

# Óttast að hundruð hafi farist

**HAÍTÍ, AP** Að minnsta kosti 75 manns hafa fundist látnir eftir að skóli hrundi til grunna í Petionville á Haítí á föstudaginn. Talið er að hátt í fimm hundruð manns hafi verið í hinum þriggja hæða La Promesse-skóla þegar hann hrundi.

Rene Preval, forseti Haítí, segir að skólinn hafi verið illa byggður og vantað hefði stálbita til að styrkja hann betur. Það sama sé hægt að segja um aðrar byggingar í landinu. „Það eru ekki bara skólarnir, heimili fólks eru svona og kirkjurnar líka,“ sagði Preval er hann heimsótti slysstaðinn. Bætti hann við að forverar núverandi bæjarstjóra í Petionville hafi í gegnum árin reynt að fækka nemendum í skólanum af öryggisástæðum en nýi bæjarstjórinn hélt málinu ekki til streitu.



**HAÍTÍ** 75 manns hafa fundist látnir eftir að skóli hrundi til grunna á Haítí á föstudag.

„Við verðum að fylgja þeirri stefnu að þegar einn ráðamaður yfirgefur embætti sitt verður sá næsti að taka við verkefnum hans,“ sagði Preval. „Næst þegar bæjarstjórinn og yfirvöld tala mun fólkið hlusta.“

Erlendir hjálparstarfsmenn hafa streymt á svæðið að undanförnu, enda gríðarlegt starf fyrir höndum.

Íbúar Haítí hafa gengið í gegnum fleiri erfiðleika síðustu misseri. Fyrst urðu þar uppþot vegna hækkandi matarverðs og eftir það gekk hitabeltisstormur yfir landið sem varð næstum átta hundruð manns að bana. - fb

Lögregla hvetur til árvekni:

## Grunsamlegar mannaferðir

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan hvetur fólk til að láta vita um grunsamlegar mannaferðir, ekki síst í íbúðahverfum.**

**Innbrot á heimili eiga sér oft stað að degi til og þá geta upplýsingar, til dæmis frá nágrönnum, ráðið miklu. Það sem fólki kann að finnast lítilfjörlegt getur einmitt orðið til þess að upplýsa mál. Hér er meðal annars átt við lýsingu á mönnum og bifreiðum, svo og bílnúmerum. Gott er að skrifa slíkt hjá sér ef fólk tekur eftir einhverju óvenjulegu í sínu nánasta umhverfi.** - jss

# Á fjórða þúsund mótmælti

**Á fjórða þúsund manns tók þátt í mótmælum gegn ríkisstjórninni á Austurvelli í gær. Kastað var eggjum og tómötum í Alþingishúsið, auk þess sem fáni verslunarinnar Bónuss blakti þar við hún.**

**MÓTMÆLI** Langfjölmennustu mótmæli vegna efnahagsástandsins, sem farið hafa fram á Austurvelli, voru í gær en þau hafa verið haldin á hverjum laugardegi undanfarnar vikur. Mótmælin byrjuðu rólega en smám saman færðist hiti í leikinn. Lögreglan átti í köflum í mesta basli með að hafa hemil á mótmælendum sem hrópuðu ókvæðisorð að ríkisstjórninni.

Athygli vakti þegar ungur maður klifraði upp á þak Alþingis og flaggaði þar fána verslunarinnar Bónuss. Náði hann að flýja undan lögreglunni en annar maður um tvítugt sem var viðriðinn málið var aftur á móti handsamaður og fluttur á lögreglustöðina. Enginn annar var handtekinn í mótmælunum. - fb



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**BÓNUSFÁNINN BLAKTI** Ungum manni tókst að flagga fána verslunarinnar Bónuss á Alþingishúsinu.



**MÖRG ÞÚSUND** Á fjórða þúsund manns mætti með mótmælaspjöld til að lýsa yfir andstöðu sinni við stjórnvöld í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EGGJUM KASTAÐ** Eggjum var kastað í hundraðatali á Alþingishúsið í fjöldamótmælunum án þess að lögreglan fengi rönd við reist. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SLAPP UNDAN LÖGREGLU** Náunginn sem flaggaði fána Bónuss á þaki Alþingishússins komst undan lögreglunni á hlaupum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**UPP Á ÞAK** Mótmælendur notuðu stiga til að komast upp á þak Alþingishússins og að fánastönginni. Lögreglan reyndi að stöðva þá eftir fremsta megni.



**STÖÐVUM SPILLINGUNA** Með mótmælaspjald og tvö egg að vopni mótmælti þessi ungi maður spillingu í þjóðfélaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Reykjavík 871 ±2
Landnámssýningin
The Settlement Exhibition

Lífið á landnámsöld

Aðalstræti 16
101 Reykjavík
www.reykjavik871.is

Sýningin er opin
alla daga frá 10–17

Minjasafn Reykjavíkur

## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**JÆJA ÞÁ ER HANN LAGSTUR Í NORÐRIÐ**
Vonandi átta flestir sig á að þegar hann leggst í norðanáttir að vetri til þýðir það oftast kólnandi veður. Það á vissulega einnig við nú. Það mun hins vegar gerast hægt. Síðdegis á morgun byrjar að frysta norðanlands og á þriðjudag verða bláar tölur á boðstólum. Með Norðurlandinu verður því komin snjókoma annað kvöld.



Á MORGUN
10-18 m/s með V- og NV-ströndinni annars 5-10 m/s

ÞRIÐJUDAGUR
8-13 m/s

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Amsterdam | 12° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 10° |
| Kaupmannahöfn | 10° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 15° |
| New York | 14° |
| Orlando | 25° |
| Osló | 6° |
| París | 13° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Njóttu helgarinnar

netto



GOÐI

ROAST BEEF
KRYDDAÐ INNRALÆRI

**1.667 kr/kg**
~~2.778~~ kr/kg

40% afsláttur



60% afsláttur

BBQ VÆNGIR
STEIKTIR Í POKA

**469 kr/pk.**
~~1.175~~ kr/pk.



BAYONNESKINKA ÚR BÓG

**695 kr/kg**
~~1.198~~ kr/kg

42% afsláttur

GOÐI

FERSKUR GRÍSABÓGUR

**374 kr/kg**
~~830~~ kr/kg

55% afsláttur





50% afsláttur

GOÐI

LIFRARPYLSA OG BLÓÐMÖR
FROSIN OG ÓSOÐIN, 4 STK

**399 kr/kg**
~~798~~ kr/kg



EGG 10 stk

**199 kr/bk.**

GOÐI

VÍNARPYLSUR 10 Í PK.

**291 kr/kg**
~~582~~ kr/kg

50% afsláttur





61% afsláttur

JONAGOLD EPLI

**99 kr/kg**
~~254~~ kr/kg




GEEBEE APPELSÍNUÞYKKNI 3L

**199 kr/kg**
~~279~~ kr/kg

www.markhonnun.is

TILBOÐIN GILDA 6. - 9. NÓVEMBER

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

**KJÖRKASSINN**




*Ertu sátt/ur við skipan nýrra bankaráða ríkisbankanna?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,4% |
| Nei | 71,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Mættir þú á mótmæli í miðborginni á laugardag?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir


Forstöðumaður Centre for European Policy Studies um niðurfellingu krónu:

# Ekki bíða, skiptið strax

**EFNAHAGSMÁL** „Ég er algjörlega sammála meginrökum greinarinnar,“ segir Daniel Gros um grein þeirra Heiðars Más Guðjónssonar og Ársæls Valfells sem birtist í Fréttablaðinu í gær. Þar lögðu þeir til að í stað þess að taka sex milljarða króna lán verði gjaldeyrisforði Íslendinga notaður til að taka einhliða upp aðra mynt sem lögmynt hér á landi. Gros er forstöðumaður Centre for European Policy Studies í Brussel og aðstoðaði hann Svartfellinga við einhliða upptöku á evru.



DANIEL GROS

„Sérstaklega er ég sammála þeim viðvörunum að þessi lán, sem ríkisstjórnin hyggst taka, muni leggja þungar byrðar á heilar kynslóðir. Hjá þessu verður að komast með öllum tiltækum ráðum.“

Alls er verið að leita eftir sex milljarða dollara láni til að styrkja krónuna. Þar af myndu um tveir milljarðar koma frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en fjórir milljarðar dollara kæmu frá hópi ríkja. Þar af hafa lánsloforð þegar fengist frá Noregi, Færeyjum og Póllandi.

Gros segir að besti kosturinn fyrir Ísland nú sé að taka upp evruna. „Ég myndi ekki bíða fram í janúar til að skipta um gjaldmiðil. Það getur gerst nánast strax.“

Hann segir að þá þurfi einhliða upptaka evru ekki að tákna pólitískar deilur við Evrópusambandið „ef Ísland útskýrir að þetta sé neyðarráðstöfun og að Ísland hafi fullkominn skilning á að það muni þurfa að uppfylla Maastricht-skilyrðin að einhverjum tíma liðnum, ef landið vill taka þátt í evrumarkaðnum, eftir að það hefur gengið í Evrópusambandið.“ - ss

Norskur byggingageiri:

# Óttast kreppu á tveimur árum

**NOREGUR Landssamtök byggingageirans í Noregi óskar eftir því að norska ríkisstjórnin grípi til ráðstafana til að koma í veg fyrir að kreppa verði á byggingamarkaði í Noregi.**

**Ný spá gerir ráð fyrir að 60 þúsund launamenn finni fyrir kreppunni þegar framkvæmdir verða fyrir töfum eða stöðvast á næstu tveimur árum, eftir því sem fram kemur í norska ríkisútvarpinu, NRK.**

**Landssamtökin telja að efnahagur sveitarfélaganna þurfi að styrkjast og að sveitarfélögin þurfi að fá bætt tap og tekjuminnkun.** - ghs

Efnahagsráðgjafi ríkisstjórnar:

# Var andvígur yfirtöku Glitnis

**EFNAHAGSMÁL** Tryggvi Þór Herbertsson, sem var efnahagsráðgjafi Geirs Haarde forsætisráðherra þar til hann hætti óvænt um miðjan síðasta mánuð, segist hafa mælt gegn yfirtöku ríkisins í Glitni í byrjun október. Þetta kom fram í viðtali við Tryggva í Markaðnum á Stöð 2 í gær.

„Ég sá það mjög fljótlega að með því að fara svokallaða Glitnisleið myndi það valda dómínó-áhrifum inn í hagkerfið,“ sagði Tryggvi og játti því í Markaðnum að sér hefði fundist að hans rödd næði ekki nægjanlega í gegn. - gar

Gagnrýni á Seðlabankann:

# Risaláni hafnað fyrir hrunið

**EFNAHAGSMÁL Að sögn Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþings, stóð Seðlabanka Íslands til boða mjög stór fjármögnun aðeins nokkrum vikum áður en hrun bankakerfisins fór af stað. Seðlabankinn hefði ekki viljað taka lánið því kjörin hafi ekki þótt nógu góð. Þetta kom fram í sjónvarpsþættinum Markaðnum á Stöð 2 í gær. Sagði Sigurður einn lánveitandanna hafa verið bandaríska bankann JP Morgan. Rætt hafi verið um að lánið yrði á bilinu 3 til 5 milljarðar dollara. Það er jafnvirði 75 til 125 milljarðar króna í dag.** - gar

# Fullyrt að Davíð hafi hótað Kaupþingi falli

**Fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings segir seðlabankastjóra hafa hótað því að knésetja bankann, meðal annars vegna áforma um að skrá hlutafé í evrum. Forsætisráðherra kveðst ekki hafa séð ummælin og tjáir sig ekki um þau.**

**STJÓRNSÝSLA** Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður í Kaupþingi, segir Davíð Oddsson seðlabankastjóra hafa hótað því að koma bankanum á kné.

Þetta kom fram í máli Sigurðar í sjónvarpsþættinum Markaðnum á Stöð 2 í gær. Í þættinum játti Sigurður aðspurður því að honum og Davíð hafi „lent illilega saman“ á fundi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington í fyrra. „Það er rétt, já, okkur lenti illa saman þar,“ sagði Sigurður og staðfesti að Davíð hafi þá hótað að Kaupþing yrði „tekið niður“. Orð Davíðs hafi verið óþægileg. „Mér var mjög brugðið og ræddi þetta við mína nánustu samstarfsmenn.“

Að sögn Sigurðar byggðist andúð seðlabankastjórans meðal annars á þeim fyrirætlunum Kaupþings að skrá hlutafé bankans í evrum. Andstaða Seðlabankans við það hafi hins vegar verið misráðin og ekki málefnaleg. Orð Davíðs voru að sögn Sigurðar þó aðeins hluti af þeirri ákvörðun Kaupþings að draga ósk um evruskráninguna til baka.

„Við vorum kallaðir ítrekað á fund í fjármálaráðuneytinu og beðnir um að draga þetta til baka. Við gerðum það vegna þess að við töldum ekki við hæfi, eins og umhverfið var þá, að stærsti banki þjóðarinnar væri í einhvers konar átökum við seðlabanka þjóðarinnar og fjármálaráðuneytið líka,“ útskýrði Sigurður sem sagði Árna Mathiesen fjármálaráðherra síður hafa viljað kveða upp úrskurð í málinu.

Sagði Sigurður það hafa verið óþægilegt að reka stærsta banka landsins og hafa það á tilfinningunni að æðstu ráðamenn þjóðarinnar beittu öllum brögðum til að koma höggi á bankann. „Þetta er mjög sérkennileg staða að vera í,“ sagði Sigurður sem rifjaði upp þegar Davíð tók innstæður sínar út úr bankanum til að mótmæla kaupréttarsamningum.

„Maðurinn er forsætisráðherra þá og síðan þegar viðkomandi hættir sem forsætisráðherra þá er hann gerður að formanni bankastjórnar Seðlabankans. Okkur fannst það alltaf mjög sérkennileg ráðstöfun,“ sagði Sigurður.



SIGURÐUR EINARSSON „Þetta er mjög sérkennileg staða að vera í,“ segir fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, sem telur bankann hafa verið beittan brögðum af æðstu ráðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DAVÍÐ ODDSSON



GEIR HAARDE

Þegar Fréttablaðið náði tali af Geir Haarde forsætisráðherra síðdegis í gær kvaðst hann hafa verið á fundum allan daginn og hvorki séð viðtalið við Sigurð Einarsson né kynnt sér innihald þess.

„Ég sé ekki ástæðu til að svara þeirri spurningu núna,“ svaraði Geir aðspurður hvort ástæða væri til þess að sannleiksgildi ummæla Sigurðar yrðu rannsökuð. Kvaðst forsætisráðherra þurfa að hlusta á viðtalið áður en hann gæti tjáð sig um málið.

Ekki náðist í seðlabankastjórana þrjá í gær. gar@frettabladid.is


**Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar**

Magnús Sigurðsson hlaut Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti - Vesturgötu 1, sem fyrst eða fyrir 15. janúar 2009. Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, Ingólfsnausti - Vesturgötu 1, 101 Reykjavík, menning@reykjavik.is

IÐAN fræðslusetur

**AUGLÝSING UM SVEINSPRÓF**

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka fæst:**

Í bifvélavirkjun 6. febrúar 2009, bifreiðasmíði 30.-31. janúar og í bílamálun 6.-7.febrúar. Umsóknarfrestur er til 20.desember 2008.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsyfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í desember 2008.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.idan.is og á skrifstofunni.

**IÐAN** - fræðslusetur,
Skúlatúni 2, 105 Reykjavík,
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,
netfang: idan@idan.is


Framkvæmdastjóri SA um uppgjör banka í evrum:

# Mistök að hindra bankana

**VIÐSKIPTI** „Ef tilfellið er að Kaupþingsmenn hafi hætt við umsókn um að fá að gera upp í evrum vegna pólitísks þrýstings voru það mistök hjá þeim, og líka mistök hjá þeim sem um málið fjölluðu að gera ekki allt sem hægt var til að bankinn gæti gert upp í evrum,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, um þau ummæli Sigurðar Einarssonar, fyrrum stjórnarformanns hjá Kaupþingi, að hætt hafi verið við umsókn bankans um að fá að gera upp í evrum vegna tregðu fjármálaráðherra til að úrskurða í málinu.

Vilhjálmur segir að það hefði aukið mjög stöðugleika hagkerfisins í heild hefði bönkunum verið gert kleift að gera upp í evrum allt frá árunum 2002 eða 2003. „Það hefði dregið úr hagsveiflunni. Krónan ýkir hana en evran vinnur gegn henni. Bankarnir hefðu ekki getað lánað eins mikið út þegar gengi krónunnar var sem hæst, og það hefði hjálpað við að draga úr þenslu,“ segir Vilhjálmur.

Spurður um meintar hótanir Davíðs Oddssonar í garð Kaupþings telur Vilhjálmur ekki þörf á sérstakri rannsókn á þeim.

„Andstaða Davíðs við að bankarnir gerðu upp í evrum lá fyrir allan tímann. Davíð hefur aldrei legið á skoðunum sínum á mönnum og málefnum. Ég hef heyrt hann tala vel um menn og svo ekki jafn vel um aðra menn.“ - kg



EVRA Vilhjálmur Egilsson segir umræðuna til framtíðar snúast um hvort bankarnir ættu að gera upp í krónum eða evrum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




## Verðhrun. Komið og prúttið!

# LAGERSÖLUNNI

## LÝKUR Í DAG, SUNNUDAG

í lagerhúsnæði okkar að
Norðurhellu 10, Hafnarfirði (sjá kort)

**OPIÐ Í DAG KL. 12-18**

# ALLAR VÖRUR MEÐ
# 50-90% AFSLÆTTI

**TEKK COMPANY**

Gerum hús að heimili www.tekk.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Afdrifarík afglöp eða yfirveguð ákvörðun?

## Þjóðnýting Glitnis

BJÖRN INGI HRAFNSSON SKRIFAR

Þegar gjörningaveðrið í tengslum við efnahagskreppuna á Íslandi sem hófst seinni hluta árs 2008 verður síðar skoðað í sögulegu samhengi, er engum vafa undirorpið að margir munu staldra við þau tíðindi er þriðji stærsti banki landsins, Glitnir, var þjóðnýttur með afar óvæntum hætti í lok september það ár. Þeir eru raunar ófáir sem telja að með þeirri þjóðnýtingu hafi Seðlabankinn og ríkisstjórnin hrundið af stað skriðu sem ekki sér enn fyrir endann á og breytti landslagi efnahagsmála hér á landi til framtíðar.

Seðlabankinn hefur ítrekað haldið því fram að Glitnir hafi á þessum tíma verið kominn í þá stöðu að fátt annað en gjaldþrot hafi blasað við honum, hefði þjóðnýtingin með kaupum á 75 prósent hlutafjár komið til. Forsvarsmenn Glitnis sögðu á móti að þeir hefðu aldrei viljað að svo færi, þvert á móti hefði aðeins verið um tímabundinn lausafjárvanda að ræða og einn stærsti hluthafinn í bankanum, Jón Ásgeir Jóhannesson, gekk svo langt að kalla gjörninginn stærsta bankarán Íslandssögunnar. Formaður bankastjórnar Seðlabankans sagði hins vegar að viðbrögð fyrri eigenda Glitnis einkenndust af mjög miklu vanþakklæti.

Nú hafa tveir áhrifamenn í íslensku viðskiptalífi, þeir Sigurður Einarsson og Tryggvi Þór Herbertsson, stigið fram og skýrt frá því að þeir hafi varað mjög við því á sínum tíma að þessi leið yrði farin. Sigurður sem stjórnarformaður stærsta fjármálafyrirtækis þjóðarinnar og Tryggvi sem efnahagsráðgjafi forsætisráðherra, hvorki meira né minna.

Þetta leiðir hugann að því hvaða faglegu rök hafi legið til grundvallar svo örlagaríkri ákvörðun. Þegar gerðar eru breytingar á stjórnkerfi fiskveiða er jafnan haft um það náið samráð við hagsmunaaðila, of náið segja sumir. En við þjóðnýtingu Glitnis virðist ekkert hafa verið rætt við aðra banka um þá stöðu sem upp var komin. Og hvers vegna var ekkert mark tekið á efnahagsráðgjafanum Tryggva Þór? Mat einhver afleiðingarnar fyrir ríkisstjórnina og Seðlabankann? Að lánshæfismat ríkisins myndi hrynja í kjölfarið? Ekki hagfræðingarnir þar, svo mikið er víst, því upplýst hefur verið að aðalhagfræðingur bankans hafi lesið um þjóðnýtinguna í blöðunum þegar hún var orðinn hlutur.

Richard Portes, prófessor í hagfræði í Lundúnum, hefur sagt að þjóðnýting Glitnis hafi verið mikill afleikur, eða „stórslys“ eins og hann orðaði það. Seðlabankinn er augljóslega á öðru máli, hann telur að faglega hafi verið að öllu staðið í aðdraganda þessarar ákvörðunar.

Mikilvægt er að þessi mál verði skoðuð alveg sérstaklega í því uppgjöri sem boðað hefur verið á orsökum bankakreppunnar. Seðlabankinn mun þar auðvitað leggja fram ítarleg plögg með rökstuðningi sínum fyrir þjóðnýtingu Glitnis, sýna fram á aðra valmöguleika sem uppi voru á borðum og útreikninga á þjóðhagslegum afleiðingum gjörningsins. Þessi gögn liggja auðvitað öll fyrir nú þegar, enda var ákvörðunin fagleg og vandlega undirbyggð á sínum tíma.

Þetta gæti orðið fróðleg lesning.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Hangikjöt
með kartöflum, uppstúf, rauðkáli og grænum baunum

845,-
alla helgina
kl. 11:30 - 19:30
© Inter IKEA Systems B.V. 2008
IKEA® FOOD

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki persónugera vandann

Einn ganginn enn heyrum við alvarlegar ásakanir á hendur Davíð Oddssyni í fjölmiðlum. Sigurður Einarsson, fyrrum stjórnarformaður Kaupþings, sagði í viðtali við Björn Inga Hrafnsson í gær að Davíð hefði hótað að „taka bankann niður“, eins og hann orðaði það, ef þeir héldu sig við þær fyrirætlanir að gera upp í evrum. Eins kom fram í viðtalinu að Seðlabankanum hefði boðist fjögurra milljarða dollara lán nokkrum vikum fyrir hrun bankanna á góðum kjörum en nú erum við á biðilsbuxum eftir helmingi lægra láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum gegn ýmsum skilyrðum. Nú verður forsætisráðherra heldur betur að minna á að enginn hagur sé í því að persónugera vandann.



### Því við ætlum að persónugera vandann

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hafa þeir Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari og Bogi Nilsson, fyrrverandi ríkissaksóknari, hætt vinnu við skýrslu um aðdraganda hruns bankanna vegna fjölskyldutengsla hvors fyrir sig við þá sem málinu tengjast. Björn Bjarnason hyggst þó ekki leggja árar í bát og ætlar að fá menn í verkið. Það er því útlit fyrir að vandinn verði persónugerður með formlegum hætti eftir allt saman.

### Lögregla og mótmælendur

En nú er fólk búið að fá nóg og nokkur þúsund manns mótmæltu á Austurvelli og veittust einhverjir að fáliðaðri lögreglunni þar. Stundum virðist ekkert réttlæti í þessum heimi því það mætti segja mér að lögreglan, svona fáliðuð, sé stjórnvöldum jafnreið og mótmælendur.

jse@frettabladid.is

## Horfumst í augu við hinn nýja veruleika



JOSEPH STIGLITZ
**Í DAG** | Nýtt Bretton Woods samkomulag

*Hættan er sú, að minnsta kosti í sumum tilfellum, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn grípi til gamalla, misheppnaðra ráða: niðurskurð ríkisfjármála, sem myndi aðeins auka ójöfnuð á heimsvísu.*

Það hægir á hjólum efnahagslífins um allan heim; efnahagslægðin verður að líkindum sú versta í aldarfjórðung, jafnvel síðan í Kreppunni miklu. Þessi fjármálakreppa var „búin til í Bandaríkjunum“ í fleiri en einum skilningi.

Bandaríkin breiddu út eitruð undirmálslán um allan heim í formi verðbréfa. Bandaríkin breiddu út kennisetninguna um frjálsan markað sem sætti litlu eftirliti, sem jafnvel æðstipresturinn sjálfur, Alan Greenspan, hefur nú viðurkennt að hafi verið mistök. Bandaríkin breiddu út vinnubrögð þar sem fyrirtæki þurftu ekki að axla ábyrgð – ógagnsæja kaupréttarsamninga, sem stuðluðu að slælegu bókhaldi sem lék stórt hlutverk í hruninu, rétt eins og í Enron- og Worldcom-hneykslismálunum fyrir nokkrum árum. Síðast en ekki síst breiddu Bandaríkin út niðursveifluna í efnahagslífi sínu.

### Góð hugmynd – slæm útfærsla

Bush-stjórnin hefur loksins ákveðið að gera það sem allir hagfræðingar hafa þrýst á að hún gerði: að auka eigið fé bankanna. Annmarkarnir liggja hins vegar í útfærslunni og Henry Paulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, gæti kollvarpað jafnvel þessari góðu fyrirætlan; virðist hafa fundið leið til að endurfjármagna bankanna með þeim hætti að það leiði ekki til þess að lánveitingar hefjist á ný, sem boðar ekki gott fyrir efnahaginn.

Mestu máli skiptir að skilyrðin sem Paulson setti fyrir fjármagnsaukningu bandarísku bankanna eru mun lakari en þau sem Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, fékk framgengt (að ógleymdum skilmálunum sem Warren Buffet setti fyrir að leggja mun minna fé til stöndugasta fjárfestingarbanka Bandaríkjanna, Goldman Sachs). Verð á hlutabréfum sýnir að fjárfestar telja sig hafa sloppið vel.

Ein ástæða til að vera uggandi yfir þessum slæmu kjörum fyrir bandaríska skattgreiðendur eru yfirvofandi skuldir þjóðarbúsins. Jafnvel fyrir fjármálakreppuna var áætlað að skuldir ríkisins myndu aukast úr 5,7 billjónum dollara árið 2001 í rúmlega níu billjónir dollara í ár. Fjárlagahalli þessa árs mun slaga hátt í 500 milljarða dollara; á næsta ári verður hann enn meiri þegar harðnar frekar á dalnum. Bandaríkin þurfa á aðgerðum að halda sem örva efnahagslífið. En íhaldsmennirnir í fjármálageiranum á Wall Street (já, þeir sömu og komu okkur í þessa klípu) munu nú kalla eftir að fjárlagahallinn verði minnkaður (að hætti Andrew Mellon í kreppunni miklu).

### Megum engan tíma missa

Nú hefur kreppan breitt úr sér, eins og vonlegt var, til nýrra markaða og landa sem eru skemmra á veg komin. Þótt ótrúlegt sé virðast Bandaríkin, þrátt fyrir öll sín vandamál, vera öruggasti staðurinn til að geyma peninga. Það þarf ekki að koma á óvart, býst ég við, að þrátt fyrir allt er ríkisábyrgð í Bandaríkjunum trúverðugri en ríkisábyrgð í þróunarlöndum.

Nú þegar Bandaríkin þurrka upp sparifé heimsins til að bregðast við vandamálum heima fyrir, áhættuiðgjöld eru í hæstu hæðum, tekjur, verslun og vöruverð um allan heima lækka, standa þróunarlönd frammi fyrir erfiðum tímum. Sum þeirra – þar sem vöruskiptahalli var mikill fyrir fjármálakreppuna, þar sem ríkið glímir við háar skuldir, og þau sem eiga mikið undir í verslun við Bandaríkin – bíða meiri skaða en önnur. Þau lönd sem aflétta ekki höftum á fjármagni sínu og fjármálakerfi að fullu, munu prísa sig sæl fyrir að hafa ekki farið að ráðleggingum Paulson og bandaríska fjármálaráðuneytisins.

Mörg ríki hafa þegar leitað til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir aðstoð. Hættan er sú, að minnsta kosti í sumum tilfellum, að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn grípi til gamalla misheppnaðra ráða: niðurskurðar ríkisfjármála, sem myndi aðeins auka ójöfnuð á heimsvísu. Meðan þróuð lönd grípa til aðgerða sem auka stöðugleikann og draga úr hagsveiflum þyrftu þróunarlönd að grípa til ráðstafana sem myndu grafa undan stöðugleika og hrekja burt fjármagn sem þau þarfnast sárt. Fyrir áratug, þegar fjármálakreppa gekk yfir Asíu, var mikið rætt um nauðsynlegar endurbætur á fjármálakerfi heimsins. Lítið – allt of lítið, eins og nú er komið í ljós – var aðhafst. Margir töldu á sínum tíma að hátimbraðar yfirlýsingar væru til þess eins gerðar að tefja raunverulegar umbætur: þeim sem hafði farnast vel þegar gamla kerfið var við lýði vissu að kreppan myndi líða hjá, og með henni krafan um umbætur. Við megum ekki láta það endurtaka sig.

### Róttæk uppstokkun

Kannski stólum við á nýtt „Bretton Woods“ augnablik. Gömlu stofnanirnar hafa viðurkennt þörfina fyrir umbætur en brugðist við á hraða snigilsins. Þær gerðu ekkert til að sporna við núverand kreppu; og uppi eru efasemdir um getu þeirra til að bregðast við henni nú þegar hún er skollin á.

Það tók heiminn fimmtán ár og heimsstyrjöld til að takast í sameiningu á við gallana í alþjóðafjármálakerfinu sem leiddi af sér kreppuna miklu. Vonandi tekur það ekki jafnlangan tíma í þetta sinn; í ljósi þess hversu þétttengd þjóðríki heims eru orðin hvert öðru væri það einfaldlega of dýrkeypt.

Bandaríkin og Bretland réðu lögum í gamla Bretton Woods-kerfinu. Nú horfir landslag alþjóðamála hins vegar öðruvísi við. Gömlu stofnanirnar innan Bretton Woods reiddu sig líka á nokkrar hagfræðilegar kennisetningar sem nú hefur komið í ljós að bregðast ekki aðeins í þróunarlöndum heldur einnig í fósturmold kapítalismans. Á væntanlegum heimsfundi verður að horfast í augu við þennan nýja veruleika, ef ætlunin er að skapa stöðugra alþjóðahagkerfi, sem tryggir meiri jöfnuð.

*Höfundur er Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. ©Project Syndicate.*

512 5050 Auglýsingasími – Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir arndis@frettabladid.is, Kristján Hjálmarsson, kristjan@frettabladid.is Trausti Hafliðason trausti@frettabladid.is og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) hdm@frettabladid.is MENNING: Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra pbb@frettabladid.is VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson bih@markadurinn.is og Óli Kr. Ármannsson olikr@markadurinn.is HELGAREFNI: Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is og Sigríður Björg Tómasdóttir sigridur@frettabladid.is ALLT OG SÉRBLÖÐ: Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is og Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson henry@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson pjetur@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir kolbrun@frettabladid.is



**COOLMAX® SOKKAR**
Halda fótunum ferskum og þurrum í hvaða loftslagi sem er. Innra lag gert úr Coolmax®.
Verð: 2.490 ISK

# NÓVEMBER TILBOÐ

## KAUPTU PAR AF CINTAMANI SKÓM OG FÁÐU COOLMAX CINTAMANI SOKKAPAR FRÍTT MEÐ.

TILBOÐ ÞETTA GILDIR AÐEINS Í VERSLUNUNUM HÉR FYRIR NEÐAN.



# SPÓLVÖRN

Style: Hallmar

Verð: 12.990 ISK

Skór með Green Diamond sóla. Green Diamond sólarnir hafa gríðarlegt grip sem byggist á þúsundum lítilla grófkorna sem eru innbyggð í sólann. Skórnir eru úr leðri.

GREEN DIAMOND

CINTAMANI

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

ÍSLENSKT VÖRUMERKI

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533 3800

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVIK, S. 517 8088

# Hús fyrir hugsandi hústökufólk

Háskólinn í Reykjavík ætlar í samvinnu við Listaháskóla Íslands að koma á laggirnar hugmyndahúsi. Verið er að leita að húsi en síðan verða hústökumenn boðnir velkomnir; svo lengi sem hugur þeirra er opinn. Rektor segir frumkvöðla erlendis frá jafnvel enn spenntari fyrir Íslandi nú en þegar allt lék í lyndi.



**REKTORINN MEÐ HUGMYNDIRNAR BAK VIÐ SIG** Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík, vonast til þess að sem flestar hugmyndirnar sem ritaðar hafa verið á töflum skólans muni verða að veruleika í hugmyndahúsinu þegar hugmyndaríka hústökufólkið flykkist þangað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það versta sem gæti gerst núna er að við Íslendingar myndum hætta að þora þar sem við eigum svo margar fallnar hetjur,“ segir Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík. Sá háskóli er í eigu atvinnulífsins, segir Svafa, svo honum er bæði ljúft og skylt að sporna við því að áfallið sogi úr mönnum máttinn eftir rothöggið nú á haustdögum. Þar kemur hugmyndahúsið til sögunnar sem verið er að ýta úr vör í samvinnu við Listaháskóla Íslands.

Enn er verið að leita að húsnæðinu en þó er gert ráð fyrir því að það verði opnað fyrir hugmyndaríkt „hústökufólk“, eins og Svafa segir sjálf, í janúar næstkomandi. Það er hins vegar alveg á hreinu hvað þar á að fara fram. „Við erum að leita að húsnæði, stóru hráu iðnaðarhúsi,“ segir Svafa. „Þar sem við getum leitt saman hönnuði, viðskiptafræðinga, tæknimenntað fólk, listamenn, smiði, fólk úr þjónustu, vísindamenn og fleiri. Við erum þarna að skapa opinn vettvang þar sem allir gefa vinnu sína. Opni háskólinn í HR og Listaháskólinn munu sjá til þess að þarna verði alltaf námskeið í boði og eins verða þarna uppákomur daglega. Klak, sem er nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins, mun miðla af þekkingu sinni um það hvernig þekkingarfyrirtæki verða til og hverju verði að huga að. Þá munum við leita til endurskoðenda og lögfræðinga sem geta veitt sína aðstoð. Þetta verður því eins konar suðupottur hugmynda. Í hann mun HR setja eins margar viðskiptaáætlanir og hægt er en Listaháskólinn mun svo leggja til kryddið sem örvar litlu gráu sellurnar. Síðan höfum við leitað til stéttarfélaga, fjármálafyrirtækja og stofnana og erum að reyna að safna í 250 milljóna króna sjóð. Þannig að þegar búið er að láta fólk og fjármagn malla í þessum suðupotti teljum við nokkurs að vænta. Enda er stefnan að um tvö til þrjú þúsund manns nýti sér aðstöðuna eða njóti góðs af henni og að innan 18 mánaða verði stofnuð fleiri en 50 fyrirtæki.“

**Koma barninu á legg, fara svo**

Rektorinn hefur í höndum gögn sem næra vonir hans um góðan ávöxt af þessu verkefni því nýleg úttekt sýnir að 30 prósent þeirra sem útskrifuðust úr viðskiptadeild HR á árunum frá 2005 til 2006 hafa stofnað fyrirtæki og skapað fjölmörg störf.

En verður ekki erfitt að fá fjármagn til verkefnisins í þessu árferði? „Jú, það verður eins og að draga tönn úr fíl en það dregur ekkert máttinn úr okkur.“

Svafa segir það takmark HR og Listaháskólans að búa til gróðrarstíuna og ákjósanleg skilyrði til vaxtar en hins vegar muni skólarnir lítt skipta sér af afurðunum. „Við búum til vettvang, leiðum saman fólk og fjármagn en síðan þegar afkvæmið er komið á legg sleppum við af því hendinni,“ segir hún. Meira að segja nafngiftin á húsinu er látin í hendur hústökufólks.

Hrina uppsagna hefur gengið yfir landið að undanförnu svo hætta er á að atvinnuleysið í janúar næstkomandi verði meira en Íslendingar eiga að venjast í áraфjöld. Svafa segir því tímasetninguna vera afar hentuga fyrir hugmyndahúsið en hún á von á því að margir þeirra sem misst hafi vinnuna sjái sér hag í því að nýta sér það sem þar fer fram.

**Og vefurinn allt í kring**

„Samhliða þessu verður til vefur sem nemendur í Háskólanum í Reykjavík og Listaháskólanum hafa hannað og heitir I am innovation,“ segir rektorinn. „Hann er unninn á sameiginlegu námskeiði skólanna tveggja. Vefurinn virkar þannig að hver sem er getur sett inn sínar hugmyndir, óskað eftir athugasemdum eða þátttöku annarra við sína hugmynd og óskað eftir fjármagni svo hún megi líta dagsins ljós. Þannig að vettvangurinn verður ekki aðeins undir þaki þessa húss sem við leitum nú að heldur einnig þessi vefur sem umlykur allt; stafrænn vettvangur er nefnilega óendalega breiður á alla kanta.“

Svafa segir að kveikjuna að hugmyndahúsinu megi rekja til frumkvöðlasamstarfs sem Háskólinn í Reykjavík eigi með London Business School og Babson College sem er fremsti frumkvöðlaskóli Bandaríkjanna. Þann 5. desember verður skrifað undir samkomulag sem 44 þjóðir koma að um samstarf í nýsköpunar- og frumkvöðlarannsóknum. „Þetta þriggja ára verkefni er fólgið í því að rannsaka frumkvöðlahegðun og nýsköpun víða um heim,“ segir hún. „Síðan er það okkar meginverkefni að þróa nýtt nám fyrir frumkvöðla. HR er hornsteinninn í þessu samstarfi enda verður Ísland í raun tilraunastofan fyrir þetta verkefni. Þetta er annars vegar rannsóknarverkefni en hins vegar byggist það á því að þróa nám sem fyrst yrði prófað hér í HR og síðan flutt út þannig að við munum fyrst fá þekkingu alls staðar að en síðan munum við flytja hana út.“

**Nú fyrst er Ísland verulega spennandi**

Ekki er langt síðan útlenskir fjármálamenn og frumkvöðlar litu til Íslands með blik í auga og dáðust að dugnaði og þori þessarar þjóðar. Nú er öldin önnur. Hvað segir Svafa um það, eru samstarfsmenn hennar í Bretlandi og Bandaríkjunum nokkuð orðnir afhuga þessu ævintýri hér í ljósi aðstæðna sem upp eru komnar? „Nei, þvert á móti. Þeir segja „Núna fyrst er Ísland orðið verulega spennandi.“ Þannig að nú er enn meiri áhugi á því að koma og sjá hvað er að gerast. Fyrir þá er þetta eins og að koma á hamfarasvæði en það sem kemur þeim verulega á óvart er að upplifa bjartsýni og baráttuanda Íslendinga sem neita að láta í minni pokann fyrir hamförunum. Það er eins og bandaríski sendiherrann sagði við mig, „það er eins gott að virða Íslendinga því eyjan hefur reynt að drepa þá í 1100 ár en þeir fara hvergi.“ Þetta er viðhorfið sem við mætum frá okkar samstarfsmönnum. Menn vilja sjá Íslendinga komast hraðar út úr þessu en venjulega er hægt að ætlast til af einni þjóð. Við Íslendingar höfum alltaf þurft að bjarga okkur og nú eru kjöraðstæður fyrir okkar vini að utan að sjá hvernig það fer fram.“

## ➔ NÝ SKÖPUN




| | |
|---|---|
| **Þekkingarfræði** | ■ Eflum flæði þekkingar með fyrirlestrum, námskeiðum, leiðsögn og upplýsingaveitum á staðnum og á vefnum. Sköpum umhverfi fyrir hugflæði og hugmyndabanka auk aðgengis að á annað þúsund viðskiptaáætlunum úr safni Háskólans í Reykjavík. |
| **Skapandi einstaklingar** | ■ Tengjum fólk og hugmyndir með opnun húsnæðis þar sem skapandi fólk komi saman og vefjar fyrir samstarf um allt land og utan landsteinanna. |
| **Fjármagn til framkvæmda** | ■ Fjárfestingarsjóður til að gera hugmyndir að veruleika. |

| | |
|---|---|
| **Hvað:** | Sköpun lifandi vettvang þar sem við tengjum saman fólk, þekkingu, hugmyndir og fjármagn. |
| **Hvers vegna:** | Til að skapa ný störf og ný verðmæti með því að nýta hæfileika og sköpunarkraft fólksins í landinu. |
| **Hverjir:** | Allir sem vilja leggja sitt af mörkum og skapa ný tækifæri. Markmiðið er að leiða saman ólíka einstaklinga úr öllum atvinnugreinum; verslun og þjónustu, framleiðslu, hönnun og listum, fjármálum, tækni og vísindum. |
| **Hvernig:** | Sköpum vettvang, stuðlum að þekkingar- og hugmyndaflæði og öflum fjár til að hrinda viðskiptaáætlunum í framkvæmd. |
| **Markmið:** | Stefnt er að því að stofnuð verði innan 18 mánaða meira en 50 fyrirtæki, 2-3.000 manns nýti sér aðstöðuna eða njóti góðs af henni á einn eða annan hátt, sjóðurinn nemi allt að 250 milljónum. |
| **Hvenær:** | Undirbúningur þegar hafinn. Húsnæðið verður opnað í desember/janúar. |
| **Aðstandendur:** | Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands sem gefa alla vinnu sína. Aðstandendur hafa nú þegar leitað til stéttarfélaga, aðila vinnumarkaðarins, ráðuneyta og fyrirtækja um samstarf. |

## Listamenn eru ekki háðir fiski eða áli



HJÁLMAR H. RAGNARSSON, REKTOR LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

„Okkur rennur blóðið til skyldunnar, við erum með fjármagn frá almenningi til að nýta og ef einhvern tímann á að nota háskólana til uppbyggingar þá er það núna.“

Hann segir að rektorar allra háskólanna hafi komið tvívegis saman til að ræða það hvernig háskólarnir gætu nýtt krafta sína til að koma íslensku atvinnulífi til hjálpar. „Ég á því von á að fleiri verkefni en þeim sem við í Listaháskólanum erum að undirbúa með HR líti dagsins ljós áður en langt um líður.“

Hann segir Listaháskólann vel til þess fallinn að láta til sín taka nú. „Listamenn eru vanir því að skapa úr engu, þeir eru venjulega ekki háðir því að geta fengið fisk eða ál til sköpunar svo þeir eru kannski ekki svo háðir áhrifum kreppu eða þenslu. Þannig að þær aðstæður sem uppi eru nú geta jafnvel verið kjöraðstæður fyrir listamenn.“ Hann er fullur tilhlökkunar vegna hugmyndahúss. „Þetta er náttúrlega enn á undirbúningsstigi en ef vel tekst til verður þetta eins konar orkustöð hugmynda og sköpunar.“



Ómetanlegt listaverk úr leikskólanum



**RIBBA** rammi, **1.290,-**
B23xL23xD4,5cm



**Falleg jólagjöf til ömmu og afa**



**1.690,-**
**FINLIR** myndastandur
15x10cm. Glært.



**995,-**
**RIBBA** rammi
18x24cm. Svart.



**895,-**
**RIBBA** rammi
13x18cm. Eik.



**495,-/stk.**
**NYTTJA** rammi
21x30cm. Ýmsir litir.

## Jólin þín byrja í IKEA

Opið alla daga 11:00-20:00 | Veitingastaður opinn 9:30 - 19:30 | www.IKEA.is

IKEA®

ÍSLENSKA SIA.IS IKE 44021 ©Inter IKEA Systems B.V. 2008

**CHARLES DE GAULLE, FRAKKLANDSFORSETI, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1890.**

*„Í velgengni geta rætur ósigurs leynst og í ósigri rætur velgengni.“*

***Charles de Gaulle varð forseti Frakklands í tvígang. Stjórnmálaskoðanir hans eru þekktar sem gaullismi og hafa verið áberandi í frönskum stjórnmálum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. NÓVEMBER 1932

## *Gúttóslagurinn í Reykjavík*

Kreppan stóð sem hæst árið 1932. Atvinnuleysi var mikið og sár fátækt. Eftir mikinn átakafund þar sem slagsmál urðu ákvað bæjarstjórnin í Reykjavík að koma á atvinnubótavinnu þótt hún hefði áður þverneitað að taka upp slíkt fyrirkomulag.

Þegar líða tók á veturinn fór féð sem var ætlað til atvinnubótavinnunnar að verða uppurið. Bæjarstjórnin ákvað þá að lækka launin til vinnunnar. Verkalýðssinnar mótmæltu því og ákveðið var að efna til bæjarstjórnarfundar 9. nóvember í Góðtemplarahúsinu sem kallað var Gúttó.

Mikill mannfjöldi safnaðist saman fyrir utan húsið og áheyrendabekkir voru þétt settnir. Þegar sýnt þótti að bæjarstjórnin ætlaði ekki að skipta um skoðun varð háreysti á pöllunum. Ekki heyrðist mannsins mál og ákveðið var að slíta fundi. Upphófust þá heiftúðug slagsmál. Lögreglan var með mikinn mannskap auk hvítliða en hún mátti sín lítils gegn margnum og lagði á flótta. Lögreglumenn voru þá eltir uppi og þeir barðir til óbóta.



Um kvöldið ákvað ríkisstjórnin að veita fé til Reykjavíkurbæjar svo ekki þyrfti að lækka launin.

Þeir sem höfðu sig mest í frammi í átökunum voru dæmdir í nokkurra mánaða fangelsi en fyrir þrýsting frá almenningi var ákveðið að skilorðsbinda dómana.

### MERKISATBURÐIR

**1848** Þýski byltingarmaðurinn Robert Blum er tekinn af lífi í Vín.

**1818** Vilhjálmur II, keisari Þýskalands, segir af sér og þýska ríkið verður lýðveldi.

**1921** Albert Einstein hlýtur Nóbelsverðlaunin í eðlisfræði.

**1986** Tveimur hvalbátum er sökkt í Reykjavíkurhöfn og samtökin Sea Shepherd lýsa ábyrgð á verknaðinum á hendur sér.

**1989** Berlínarmúrinn fellur. Fólki er leyft að ferðast milli V- og A-Berlínar og það byrjar að brjóta niður múrinn.

### AFMÆLI



**VALGERÐUR RÚNARSDÓTTIR** dansari er þrítug.



**EIRÍKUR HJÁLMARSSON**, upplýsingafulltrúi Orkuveitunnar, er 44 ára.



**ALESSANDRO DEL PIERO** fótboltakappi er 34 ára.



**EGILL HELGASON** sjónvarpsmaður er 49 ára.



**FJÖLSKYLDUMIÐAÐ STARF** Bresku gestir hátíðarmessunnar höfðu á orði hve gaman væri að sjá fjölskyldur mæta saman í messuna. MYND/GUÐRÚN EYJÓLFSDÓTTIR

ÍSLENSKI SÖFNUÐURINN Í LUNDÚNUM: FAGNAR 25 ÁRA STARFSAFMÆLI

# Kærkomin samverustund

„Það var full kirkja og vel það. Fólk þurfti greinilega mjög á því að halda að koma saman og hittast,“ segir séra Sigurður Arnarson, prestur Íslendinga í London, en söfnuðurinn hélt upp á 25 ára starfsafmæli síðasta sunnudag í Sænsku kirkjunni í London.

Sigurður predikaði í messunni og þjónaði fyrir altari ásamt séra Jóni Aðalsteini Baldvinssyni, vígslubiskupi á Hólum, en hann var fyrsti prestur safnaðarins. Sigurður segist merkja það á söfnuðinum að ástand síðustu vikna í samskiptum þjóðanna tveggja hafi áhrif á fólk.

„Við höfum messað tvisvar síðan þetta gerðist allt saman og aðsókn hefur aukist töluvert. Yfir fjögur hundruð gestir sóttu síðustu tvær messur en venjulega koma milli fimmtíu og sextíu gestir. Bresku gestirnir höfðu einmitt á orði hvað þeim fannst skemmtilegt að sjá hvað margar fjölskyldur komu saman í messuna en það mættu gestir víða að og sumir höfðu ekið í fjóra fimm tíma.“

Margt góðra gesta lagði Sigurði lið við hátíðahöldin en undirbúningur þeirra hafði staðið í tæpt ár. Hafdís Huld tónlistarkona söng meðal annars fyrir börnin og auk Sigurðar og Jóns Aðalsteins þjónuðu Michael Hunter, rektor ensku biskupakirkjunnar í Grimsby, og sr. David Hamid, vígslubiskup Evrópubiskupsdæmis biskupakirkjunnar, fyrir altari.

„Allir norrænu sóknarprestarnir og þeir prestar sem hafa tengst íslenska söfnuðinum gegnum tíðina tóku þátt. Maður fann mikinn stuðning við að við værum að gera þetta. Ekki síst frá gestgjöfum okkar Svíunum. Svo var boðið upp á hátíðarkaffi niðri og þangað komu enn fleiri en í messuna því það komust bara ekki fleiri inn í kirkjuna.“

Íslenski kórinn í Lundúnum frumflutti sérsamið verk fyrir söfnuðinn eftir Báru Grímsdóttur við texta séra Einars Sigurðssonar frá Heydölum. Björg Þórhallsdóttir söng einsöng og ritningarlestra og lögðu tveir kórfélagar leið sína alla leið frá Danmörku til að taka þátt. Það segir Sigurður til marks um velviljan og þann stuðning sem fólk sýndi framtakinu.

„Það var bara gríðarleg stemning og þarna töluðu saman gamli og nýi tíminn. Orð Bretanna um hvað starfið væri fjölskyldumiðað glöddu mig en hér er unnið mjög öflugt og blómlegt safnaðarstarf.“

**heida@frettabladid.is**

---



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Valdimarssonar**

Móasíðu 6a, Akureyri.

Sérstakar þakkir til Oddfellowreglunnar fyrir veittan stuðning.

**Þóranna Þórðardóttir**
**E. Ásrún Guðmundsdóttir** **Árni Ragnarsson**
**Margrét Unnur Akselsdóttir** **Erik Andersson**
**Valdimar R. Guðmundsson** **Daðey A. Sigþórsdóttir**
**og afabörn.**

---



*Ástkær dóttir mín, móðir, amma, systir, móðursystir, mágkona og frænka,*

**Katla Sigurgeirsdóttir**

Þórsgötu 22, Reykjavík,

andaðist á líknardeild Landspítalans föstudaginn 31. október. Útförin fer fram í Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 10. nóvember kl. 13.00.

**Anna G. Kristgeirsdóttir**
**Elva Rakel Sævarsdóttir**
**Aron Kristinn Haraldsson**
**Stella Sigurgeirsdóttir** **Jóhann Bjarni Pálmason**
**Salka Þorgerður Jóhannsdóttir Stelludóttir**
**Daði Sigurgeirsson**
**Kristgeir Sigurgeirsson og fjölskylda.**

---


# LEGSTEINAR
## OG FYLGIHLUTIR

**Mikið úrval**
**Yfir 40 ára reynsla**

Sendum myndalista



*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 - www.mosaik.is


---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,*

**Ester Haraldsdóttir,**

sjúkraliði, Flétturima 36, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Hringbraut mánudaginn 3. nóvember. Hún verður jarðsungin miðvikudaginn 12. nóvember kl. 15.00 frá Grafarvogskirkju.

**Vignir Þór Siggeirsson** **Katrín Jónsdóttir**
**Haraldur B. Siggeirsson** **Margrét Á. Jóhannsdóttir**
**Ólafur Karl Siggeirsson**
**Guðlaug Edda Siggeirsdóttir** **Helgi Hafþórsson**
**barnabörn og systkini hinnar látnu.**

---



*Elskuleg eiginkona mín, móðir og tengdamóðir,*

**Ástdís Guðjónsdóttir**

Suðurgötu 37, Reykjavík,

sem lést á líknardeild Landakotsspítala föstudaginn 31. október, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 10. nóvember klukkan 11.00.

**Haraldur Theodórsson**
**Guðjón Haraldsson** **Sigríður Siemsen**
**Þórir Haraldsson** **Mjöll Flosadóttir**
**og fjölskyldur.**



# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]
nóvember 2008

## ALLIR SAMAN Í KLIFRI

Fjölskyldan getur átt góða stund saman í alls konar íþróttum

KVÖLDSUND ER FRÁBÆR SLÖKUN FYRIR SVEFNINN ■ BJÖRK BJARKADÓTTIR SAMDI SÍNA FYRSTU BARNABÓK ÁTTA ÁRA EN NÝVERIÐ KOM ÚT NÝ BÓK FRÁ HENNI

**Vera Einarsdóttir skrifar**



# GAGNRÝNIN HUGSUN

Orðatiltækið börnin læra það sem fyrir þeim er haft er mér ofarlega í huga þessa dagana.

Í síðustu sveitarstjórnarkosningum vorum við fjölskyldan búsett í Svíþjóð. Við foreldrarnir fylgdumst með úrslitum kosninganna í gegnum tölvuna og sátum sem límd við skjáinn. Sonur okkar, sem þá var fjögurra ára, valsaði um í kringum okkur og spurði hvað væri um að vera. Ég tók að mér að skýra það:

Sko, það er verið að kjósa um það hverjir koma til með að ráða á Íslandi. Bláu og grænu kallarnir (Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn) eru vondu kallarnir og hugsa bara um peninga. Rauðu og appelsínugulu kallarnir (Samfylkingin og Vinstri grænir) eru hins vegar góðu kallarnir og hugsa um að börn fái góða leikskóla og að vel sé hugsað um gamla fólkið, fullyrti ég. Ég gerði mér fulla grein fyrir því að ekki var um hlutlausa útskýringu að ræða en óraði ekki fyrir afleiðingunum. Það var svo skömmu síðar sem þær komu fyrst í ljós. Þá fékk snáðinn ekki vilja sínum framgengt, var fljótur að leggja saman tvo og tvo og sagði: Þú ert vond mamma. Þú hugsar bara um peninga.

Nú er drengurinn að verða sjö ára og enn spyr hann þegar hann horfir með okkur á sjónvarpsfréttirnar yfir kvöldmatnum hvort þessi eða hinn tilheyri bláa eða rauða liðinu. Við höfum reynt að malda í móinn og sagt að það leynist nú góðir kallar í bláu og grænu liðunum og að meira að segja tilheyri ættingjar og allra bestu vinir þeim liðum. Eins höfum við sagt honum að fólk geti verið misjafnlega blátt og rautt. Það hefur þó lítið haft að segja og er drengurinn staðráðinn í því að halda með „góðu köllunum“ um aldur og ævi.

Þessi afstaða hefur síðustu daga vakið ugg í brjósti mér. Ég hef nú lengi þóst vita það að börn erfi í mörgum ef ekki flestum tilfellum kosningasiði foreldra sinna og þannig virðist það ætla að verða á mínu heimili. En er þá einhver von til þess að nokkuð breytist? Nú þegar hugmyndafræði bláu kallanna, sem flestir hafa hingað til haldið með, er hrunin eru þá einhverjar líkur á því að þeir hugsi sinn gang og sjái hlutina í nýjum lit? Eða mun innrætið og uppeldið ætíð hafa yfirhöndina?

Ég ætla í það minnsta að reyna að taka mér tak og læða inn gagnrýnari hugsun hjá syni mínum því það kann ekki góðri lukku að stýra ef börnin apa allt upp eftir okkur fullorðna fólkinu gagnrýnislaust, hvaða lit sem við kunnum að tilheyra.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sigríður Björg Tómasdóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Anton Brink Pennar: Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, Sigríður Björg Tómsdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Benedikt Jónsson benediktj@365.is*



**Gott í pottinum** Marta Jónsdóttir, sonur hennar Matthías Hjörtur, Hildur Arney, Drífa Baldursdóttir og Jóhanna Karen slaka á í heita pottinum í Vesturbæjarlauginni eftir daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Á náttsloppum heim eftir kvöldsund lítilla kroppa

Tvær umhyggjusamar og uppteknar mæður tóku upp þann góða sið að fara reglulega með krúttin sín litlu í heitu pottana fyrir svefninn öllum til ómældrar ánægju, slökunar og gleði.

Ég byrjaði á kvöldsundferðum með eldri börnin tvö síðastliðið haust, þegar yngsta dóttir mín var sex mánaða. Þá var ég heima í fæðingarorlofi á meðan eldri systkinin voru í ærslum og daglegu amstri skóla og leikskóla – og fannst þau eiga inni sinn einkatíma með mömmu sinni áður en dagsverkum lyki,“ segir Drífa Baldursdóttir, meistaranemi í lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík, en Drífa eignaðist soninn Benedikt árið 2001, dótturina Hildi Arney 2005 og litlu Jóhönnu Karen 2007.

„Börnin tóku sundferðunum fagnandi og hefðu helst viljað fara daglega, eins og reyndar ég sjálf. Það er yndislegt að fara saman ofan í heitan umvefjandi pott í huggulegu haust- og vetrarmyrkri eftir snemmbúinn kvöldverð heima, en ákjósanlegasti tíminn finnst mér vera frá hálfsjö til átta, því þá eru allir komnir í háttinn fyrir níu,“ segir Drífa sem á kvöldferðum sínum með börnin sín litlu í Vesturbæjarlaugina fékk fljótlega félagsskap vinkonu sinnar, Mörtu Jónsdóttur hjúkrunarfræðinema, og sonar hennar, Matthíasar Hjartar.



„Kvöldsundið er hjartfólginn tími samveru og notalegheita. Þá er dýrmætt að geta treyst vinaböndin við Mörtu og móðurtengsl við börnin eftir langan dag að heiman. Í þessum ferðum er enginn sundbolti eða ærslagangur; við spjöllum bara og höfum það notalegt í heita pottinum. Börnin vilja ekki einu sinni fara upp úr og yfir í laugina; svo mjög njóta þau stundarinnar, enda sameinar hún samveru, baðtíma, rólegheit og slökun fyrir svefninn,“ segir Drífa sem leggur mikið upp úr gæðastundum með hverju barni fyrir sig, ekki síst þar sem annríki er mikið í meistaranámi meðfram starfi hennar á leikskóla.

„Eftir sundið fara börnin beint í náttfötin og tylla sér saman á náttsloppum til að maula ávexti í fataklefanum á meðan við mömmurnar klæðum okkur og puntum. Sæl og þreytt fara þau svo heim að lúlla og víst að mamman græðir mikið á sundferðinni því auðveldara er að fara með þrjú börn í laugina en að baða alla heima. Pabbinn getur svo nýtt tímann fyrir sig á meðan, eða átt stund með einhverju barninu, því pabbastundir eru ekki síður nauðsynlegar börnunum. *- þlg*



*Það er alveg óþarfi að láta sér verða kalt á höndunum*

*Fjölbreytt úrval af leðurhönskum af öllum stærðum og gerðum!*

Á slóðinni **www.th.is** er hægt á aðgengilegan hátt að skoða úrvalið og gera góð kaup!



Tösku og hanskabúðin

Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is


## BARNVÆNT



**Borgarbókasafnið** Það er leitun að barnvænni stað en Borgarbókasafninu fyrir litla og stóra bókaorma. Notaleg fjölskylduferð getur falist í því að rölta á bókasafnið í hverfinu, koma sér fyrir og fletta nýjum bókum og blöðum eftir aldri og smekk. Útibúin eru öll með barnahorn þar sem bókunum er komið fyrir og þar eru líka leikföng. Í Aðalsafninu í Grófarhúsinu við Tryggvagötu eru sunnudagar barnadagar. Þar er boðið upp á skipulagða dagskrá klukkan þrjú, upplestur, föndur og þar fram eftir götunum. Þar er líka stórt og myndarlegt leikhorn fyrir yngri börnin, dýnur til að liggja á og lesa, alls konar spil og búningar og margt ævintýralegt og skemmtilegt fyrir yngri kynslóðina. Foreldrarnir geta komið sér fyrir í þægilegum sófanum í leikhorninu og ef báðir eru með í för er náttúrulega hægt að taka vaktina í barnadeildinni til skiptis og næla sér í bækur eftir smekk í öðrum deildum safnsins.

# VERNDUM BÖRNIN OKKAR

**Á krepputímum ríður að að halda vel utan um fjölskylduna og börnin því aldrei er meiri hætta á upplausn og örvilnan en þá. Bækurnar hér á síðunni eru allar til þess fallnar að hjálpa foreldrum og skólum að bæta líf barnanna okkar, hver á sinn hátt.**




Frábær bók sem sérstaklega er ætluð börnum sem glíma við erfiðleika sem tengjast athyglisbresti og ofvirkni. Bókinni er ætlað að vera nokkurs konar sjálfshjálpartæki fyrir börn á grunnskólaaldri og inniheldur aðgengilegar upplýsingar, góð ráð, leiðbeiningar og hvatningu sem gagnast við að takast á við daglegt líf á árangursríkan hátt. Ómissandi fyrir foreldra, kennara og aðra sem tengjast börnum sem eru hvatvís og eiga bágt með einbeitingu og úthald.

**Einstakt hjálpartæki handa börnum með ADHD.**




UPPELDISBÓKIN hefur selst í þúsundum eintaka á síðustu árum og er almennt talin besta og aðgengilegasta bókin á markaðnum um uppeldi ungra barna. Fjöldi sveitarfélaga á Íslandi notar bókina á uppeldisnámskeiðum fyrir foreldra en þau námskeið eru hönnuð og skipulögð af **Miðstöð heilsuverndar barna** á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

**Bók sem ætti að vera til á hverju heimili.**




BÆTT HUGSUN – BETRI LÍÐAN er spennandi, nýstárleg og hagnýt bók um hvernig nota má hugræna atferlismeðferð fyrir börn og ungmenni. Höfundurinn hefur þróað efnið í starfi sínu með börnum með margvísleg sálfræðileg vandamál. Bókin er mjög aðgengileg með fjölda hagnýtra verkefna sem auðvelt er að laga að einstaklingsbundnum þörfum og vandamálum.




Starfsfólk skóla veit að hegðunarerfiðleikar og agaleysi eru oft helstu hindranir góðs námsárangurs. Þegar leysa á hegðunarvanda í skólum er ómarkvissum og óstöðugum aðferðum oft beitt. Slíkar aðferðir leiða gjarnan til óánægju og gremju meðal nemenda og foreldra og þeirrar upplifunar kennara að þá skorti stuðning og hvatningu. Í bókinni má finna aðferðir sem auðvelt er að innleiða og nota heildstætt í öllum skólanum, fyrir einstaka bekki og nemendur.

**SKRUDDA HÆKKAR EKKI VERÐIÐ, HVORKI Á JÓLABÓKUNUM NÉ Á ELDRI BÓKUM!**

**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is






**Guðmundur Viðarsson**
Yfirmatreiðslumaður
Rauðará

**Rauðará blæs á kreppuna**

Við skorum á framleiðendur í landinu að hækka ekki vörur í skjóli kreppu og skorum á fólkið í landinu að velja vörur frá íslenskum framleiðendum.
Við ætlum að leggja fram okkar framlag í þá sókn og bjóða ykkur upp á al íslenskan matseðil úr hágæða vörum frá Íslenskum framleiðendum til lands og sjávar.

3ja rétta **á verði einnar** nautasteikur

**Matseðill no.1**

**FORRÉTTUR**
Smáréttadiskur með saltfisk á tvo vegu ásamt seyði í bolla
**AÐALRÉTTUR**
Kryddhjúpað lambaprime með brasseruðum lambaframparti og haustgrænmeti
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

**Matseðill no.2**

**FORRÉTTUR**
Reyktur lax með humarsalati í turni
**AÐALRÉTTUR**
Osta og humarfyllt grísalund með kartöflugratín
**EFTIRRÉTTUR**
Desert diskur að hætti rauðará

Verð. **kr. 4.990,-** pr mann

Við skorum á fyrirtæki sem eru með getu og eru stöndug á Íslenskan mælikvarða.
**Sýnið gott fordæmi og hækkið ekki verð á matvöru ykkar**
Við verðum að halda í launamáttinn, ástandið er nógu slæmt fyrir.

**opið þriðjudaga til laugadaga**

RAUÐARÁ
RESTAURANT

Rauðarárstíg 37 | 105 Reykjavík
sími: 562 6766 | raudara@simnet.is



**Björk Bjarkadóttir**
Björk býr í Noregi en kemur oft í heimsókn til Íslands.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Samdi fyrstu bókina

**Björk Bjarkadóttir** hefur samið fjölmargar myndabækur sem eru Íslendingum að góðu kunnar. Hún stefndi ung að því marki að verða barnabókahöfundur enda bæði sílesandi, skrifandi og teiknandi í æsku.

Ég man ekki öðruvísi eftir mér en skrifandi og teiknandi,“ segir Björk Bjarkadóttir rithöfundur. „Mína fyrstu bók samdi ég þegar ég var átta ára gömul, hún fjallaði um prinsessu sem átti að velja á milli tveggja prinsa, annar hét Fallegur og hinn Ljótur, hún lagði fyrir þá þraut til að kanna hvernig manneskjur þeir væru, þeir áttu að vera góðir við dýr. Sá ljóti reyndist góður og sá fallegi vondur og því valdi hún að sjálfsögðu þann fyrrnefnda,“ segir Björk og hlær við.

## Las símaskrána

Björk var bókaormur þegar hún var lítil, var dugleg að fara á bókasöfn að ná sér í bækur og dró vinkonurnar með sér í fornbókabúðir ef hana vantaði bækur inn í seríur eins og Ævintýrabækurnar. „Ég las allt, jafnvel símaskrána ef ég hafði ekkert annað.“

Þrátt fyrir ómældan áhuga á að lesa og skrifa bækur lá leiðin ekki alveg beint í barnabókagerð fyrir Björk sem lærði grafíska hönnun í Frakklandi og vann við hönnun í mörg ár áður en fyrsta bókin hennar, Gíri stýri, leit dagsins ljós. „Ég vann hana og fyrstu þrjár bækrunar mínar um kvöldin og helgar, þegar tími vannst til. En svo þegar maður er kominn með börn hefur maður ekki þennan aukatíma og ég ákvað að hætta í fastri vinnu.“

Björk vinnur því nú sem hönnuður í lausamennsku auk þess að sinna bókaskrifum og myndskreytingum en menntun hennar nýtist aldeilis vel þegar kemur að hennar eigin bókum því auk þess að skrifa þær og myndskreyta setur hún þær sjálf upp og má því segja að bækurnar séu hennar höfundarverk frá upphafi til enda.

## Myndir og texti um leið

Sú nýjasta heitir Elsku besti pabbi og í henni segir frá Emilíu sem á besta pabba í heimi, hann er svo snjall og sniðugur og getur brugðið sér í allra kvikinda líki. En svo þegar hann er veikur er hann bara eins og lítil mús og Emilía þarf að hugga hann og hjúkra honum. Bókin kallast á við stórskemmtilega bók Bjarkar, Mamma er best, sem kom út fyrir nokkrum árum. Börnin eru leidd inn í töfraheim í fallegum teikningum Bjarkar sem vinnur myndir og texta nánast jöfnum höndum, hugmynd verður að texta sem verður að mynd og þannig verður til bók. „Texti og mynd verður að vinna saman en hefur líka sitt eigið líf. En myndirnar segja sína eigin sögu, þar er oft meira að gerast en stendur nákvæmlega í textanum, sömuleiðis er ekki allt á myndinni sem er í textanum.“ Björk bendir á mynd í nýju bókinni máli sínu til stuðnings. „Börn hafa gaman af því að skoða myndirnar og sjá eitthvað nýtt í þeim, af hverju er þessi leiður til dæmis?“

Björk á tvö börn sem hún les fyrir á hverju kvöldi, hún hefur mikla trú á því að bóklestur geri börnum mikið gagn. „Ég held að það hafi svo góð áhrif á börn að það sé lesið fyrir þau, orðaforðinn

**ÉG HELD AÐ ÞAÐ** hafi svo góð áhrif á börn að það sé lesið fyrir þau, orðaforðinn eykst og það hvetur þau örugglega til þess að lesa síðar meir. Svo er lestur á kvöldin bara svo róleg og góð stund fyrir svefninn.

## UPPÁHALDSBÆKUR BJARKAR - þegar hún var lítil



*Ævintýrabækurnar*
*Bækur Astrid Lindgren*
*Jón Oddur og Jón Bjarni*
*Anna í Grænuhlíð*
*Tinnabækurnar*

Björk les fyrir börnin sín, þau Alexander Bjarka og Evu Sólveigu.



RARIK
lifandi afl

# SKRIFSTOFUSTJÓRI
## EGILSSTAÐIR

RARIK óskar eftir að ráða skrifstofustjóra fyrir starfsstöð fyrirtækisins á Egilsstöðum.

**Starfssvið**
- Dagleg stjórnun á skrifstofu
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Ábyrgð á uppgjöri verka
- Umsjón með húsnæði og lóðum
- Þátttaka í svæðisráði
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf og/eða reynsla af áætlanagerð og kostnaðargreiningu
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni. RARIK er með starfsstöðvar vítt og breitt um landið.

Umsjón með starfinu hafa Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

VIRK ENDURHÆFINGARSJÓÐUR

# SPENNANDI STARF
## Á SVIÐI STARFSENDURHÆFINGAR!

Endurhæfingarsjóður leitar að sérfræðingi til starfa til að vinna að fjölbreyttum verkefnum á sviði starfsendurhæfingar. Hér gefst einstakt tækifæri til að vinna að uppbyggingu, þróun og þjónustu á sviði starfsendurhæfingar á vinnumarkaði. Um er að ræða mjög krefjandi starf.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi (t.d. á sviði iðjuþjálfunar, félagsráðgjafar, náms- og starfsráðgjafar, sálfræði eða hjúkrunar)
- Víðtæk reynsla og þekking á sviði endurhæfingar
- Fagmennska, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mjög góð skipulagshæfni og samskiptahæfni
- Leiðtogahæfileikar og jákvætt viðmót
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð

Endurhæfingarsjóður var stofnaður af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins sl. sumar. Hlutverk Endurhæfingarsjóðs er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna varanlegrar örorku með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum.

Nánari upplýsingar um Endurhæfingarsjóð er að finna á heimasíðu sjóðsins www.virk.is

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

---

# VEITINGASTJÓRI Á SERRANO

## ÓSKUM EFTIR AÐ RÁÐA VEITINGASTJÓRA Á SERRANO

**Starfssvið**
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Þjálfun starfsfólks
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum og gerð vaktaplana
- Pantanir og birgðahald
- Bókhald og skýrslugerð til eigenda

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af rekstri mikill kostur



**Góð laun í boði auk árangurs- og veltutengdra bónusa**

Vinsamlegast sækið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is.
Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano, í síma 899-8947

serrano

Serrano er ungt íslenskt fyrirtæki sem í dag rekur 5 veitingastaði á Höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti að undanförnu og framundan eru virkilega spennandi tímar. Serrano rekur í dag veitingastaði í Hafnarfirði, Kringlunni, Smáralind, Hringbraut og á Bíldshöfða. Til stendur að fjölga stöðum enn frekar á næstu mánuðum.




## Vanir sjómenn óskast til starfa í Færeyjum

Voot starfsmannamiðlun leitar að skipstjóra og háseta á línubát í Færeyjum. Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila.

Þeir sem hafa áhuga vinsamlegast skrái sig á heimasíðu okkar **www.voot.is**

Einnig er hægt að hafa samband í síma 420 9500 eða senda póst á **oskar@voot.is**

VOOT
STARFSMANNAMIÐLUN
HAFNARGATA 90
230 REYKJANESBÆR
SÍMI 420 9500
WWW.VOOT.IS

VOOT WE RECRUIT

**Auglýsingasími**

# 512 50 50




– Mest lesið

NimbleGen SYSTEMS ÚTIBÚ Á ÍSLANDI

Roche

## NimbleGen Systems á Íslandi óskar eftir að ráða í tvær tímabundnar stöður

### Linux kerfisstjórn

Starfið felur í sér rekstur og viðhald á Linux/Unix kerfum fyrirtækisins. Þátttaka í uppbyggingu/innleiðingu nýrra lausna í Linux umhverfi til stuðnings framleiðslu auk annarra tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði eða a.m.k. þriggja ára reynsla í starfi sem kerfisstjóri í Linux/Unix umhverfi
- Góð þekking á rekstri Linux/Unix kerfa í fyrirtækjaumhverfi
- Góð enskukunnátta

Starfsmaður þarf að vera sveigjanlegur og áreiðanlegur auk þess að eiga auðvelt með að vinna með öðru fólki.

### SAP notendaaðstoð

Starfið felur í sér aðstoð við innleiðingu og uppsetningu á SAP hugbúnaði, þjálfun notenda kerfisins auk annarra tilfallandi verkefna.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af innleiðingu og notkun SAP hugbúnaðar í fyrirtækjaumhverfi (bókhalds-, innkaupa- og birgðakerfi)
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Góð enskukunnátta

Starfsmaður þarf að búa yfir frumkvæði og skipulagshæfileikum, vera fljótur að tileinka sér nýja hluti auk þess að eiga auðvelt með að vinna með öðru fólki.

Í boði eru spennandi störf sem gætu leitt til fastráðningar. Áhugasamir sendi umsókn og starfsferilsskrá (CV) á netfangið: reykjavik.jobs@roche.com. Umsóknarfrestur er til 23. nóvember nk.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Einarsdóttir, starfsmannastjóri, gudny.einarsdottir@roche.com, s: 414-2125

NimbleGen Systems útibú á Íslandi
Vínlandsleið 2-4, 113 Reykjavík

# Flyware óskar eftir hugbúnaðarsérfræðingi

Sjálfstæð vinnubrögð og reynsla í hugbúnaðarþróun skiptir miklu máli sem og skilvirkni og sveigjanleiki.

**MENNTUN OG SKILYRÐI**
- Háskólamenntun í tölvunarfræði eða svipuðu.
- Skipuleg og öguð vinnubrögð.
- Góð enskukunnátta.

**REYNSLA SEM KEMUR AÐ GÓÐUM NOTUM**
- Reynsla af .Net C# programming og N-tier design.
- Reynsla af Windows Communication Framework.
- Reynsla af Oracle gagnagrunnum.
- Áhugi og/eða reynsla af Agile ferlum.
- Viðmótshönnun með Windows Forms.
- Web User interface hönnun með ASP.Net.
- Þekking á tæknilegu umhverfi flugfélaga (SITA, IATA o.s.frv).
- Visual Studio Team Foundation Server.
- Þekking á Team Foundation umhverfi frá Microsoft.

Fyrirspurnir sendist á netfangið umsoknir@flyware.net
Skriflegar umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf óskast sendar á:
**umsoknir@flyware.net eða Flyware á Íslandi ehf., Pósthólf 8646, Síðumúla 3, 108 Reykjavík fyrir 14. nóvember nk.**

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

*Flyware á Íslandi sérhæfir sig í hugbúnaði fyrir flugvélar. Fyrirtækið hefur framleitt og selt hugbúnað til hleðsluskrárgerðar (e. weight and balance) síðan 2001. Fyrirtækið þjónar innlendum sem erlendum aðilum en rúm 90% af veltu fyrirtækisins koma erlendis frá.*

*Fyrirtækið er með dreifingarsamning við Jeppesen Sanderson Inc. sem er einn stærsti fluggagnadreifingaraðili í heiminum. Jeppesen markaðssetur og selur vörur Flyware á heimsvísu.*

*Flyware hefur nýverið skrifað undir samning um smíði á kerfi fyrir breska varnarmálaráðuneytið í samstarfi við Thales UK.*

Flyware www.flyware.net

PIPAR • SÍA • 81705

VAKA

## Starfsmaður óskast
### í móttöku / skrifstofu

Vaka hf auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf í móttöku / skrifstofu fyrirtækisins.

**Fyrirtækið sækist eftir jákvæðum starfsmanni, sem tekur frumkvæði í sínu starfi, til að sinna m.a.**
- Móttöku viðskiptavina
- Símvörslu
- Almennri skrifstofuvinnu

**Æskilegt er að viðkomandi hafi:**
- Reynslu af sambærilegum störfum
- Almenna tölvukunnáttu
- Grunnþekkingu á Navision
- Góða enskukunnáttu
- Geti hafið störf sem fyrst

Umsóknir berist á tölvupósti á póstfangið sigridurth@vakabilar.is fyrir föstudaginn 14.nóvember 2008 merktar: Skrifstofa

Vaka hf er leiðandi á Íslandi í flutningi og förgun ökutækja. Starfsemin nær einnig yfir rekstur dekkjaverkstæðis og almenna þjónustu við bílaeigendur. Vaka hf er til húsa að Eldshöfða 6-8 í Reykjavík

VAKA

## Starfsmaður óskast
### Verkstæðisformaður

Vaka hf auglýsir eftir bifvélavirkja í fullt starf til forstöðu vekstæðis fyrirtækisins að Eldshöfða 6.
Fyrirtækið sækist eftir jákvæðum stjórnanda sem tekur frumkvæði í sínu starfi.

**Starfslýsing**
- Dagleg stjórnun og rekstur verkstæðisins
- Skipulag verkferla og uppsetningu á rekstrinum í samráði við framkvæmdastjóra
- Gerð áætlana og stefnumótun.

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi í bifvélavirkjun
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Almenn tölvukunnátta
- Góð enskukunnátta

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst
Umsóknir berist á tölvupósti á póstfangið sigridurth@vakabilar.is fyrir föstudaginn 17.nóvember 2008 merktar: Verkstæði

Vaka hf er leiðandi á Íslandi í flutningi og förgun ökutækja. Starfsemin nær einnig yfir rekstur dekkjaverkstæðis og almenna þjónustu við bílaeigendur. Vaka hf er til húsa að Eldshöfða 6-8 í Reykjavík

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Störf í grunnskólum

**Álftamýrarskóli, Álftamýri 79, sími 570 810**
- Náttúrufræðikennari í unglingadeild í þrjá mánuði frá áramótum
- Íþróttakennari í tvo og hálfan mánuð frá áramótum

**Hagaskóli, Fornhaga 1, sími 535 6500**
- Enskukennari í þrjá mánuði frá 1. janúar 2009, 100% staða

**Hlíðaskóli, Hamrahlíð 2, sími 552 5080**
- Spænskumælandi sérkennari eða þroskaþjálfi, 50-70% starf
- Náms- og starfsráðgjafi, 70-100% staða

**Seljaskóli, Kleifarseli 28, sími 411 7500**
- Íþróttakennari stúlkna, frá áramótum og út skólaárið

**Víkurskóli, v/Hamravík, sími 545 2700**
- Skólaliði í mötuneyti, 50% starf og laust nú þegar

**Ölduselsskóli, Ölduseli 17, sími 411 7470**
- Stuðningsfulltrúi, staðan er laus til vors

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.
Öll laus störf á Menntasviði eru auglýst á
**www.reykjavik.is/storf.**
Þar er að finna frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti. Þar er einnig hægt að sækja um.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Sveitarfélagið
ÁLFTANES

Sveitarfélagið Álftanes er framsækið sveitarfélag í örum vexti þar sem búa 2455 íbúar. Góð þjónusta er í bænum, þ.á. m. góður grunn- og leikskóli, tónlistarskóli og íþróttaaðstaða. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.alftanes.is

# Forstöðumaður sundlaugar og íþróttamannvirkja

Leitað er eftir hæfum einstaklingi til þess að taka að sér starf forstöðumanns sundlaugar og íþróttamannvirkja fyrir sveitarfélagið. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegum störfum, sé vanur að vinna sjálfstætt og hafi til að bera frumkvæði í starfi.

**Meginverkefni:**

- Ábyrgð á rekstri og þjónustu mannvirkja
- Dagleg stjórnun skrifstofu, starfsfólks og öryggismála
- Gerð fjárhagsáætlana
- Umsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum

Starfið hentar jafnt konum sem körlum. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eftir áramót.

**Hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfinu, t.d. rekstrar- eða tæknifræði en góð reynsla af sambærilegu starfi kemur einnig til greina
- Reynsla af stjórnun og rekstri er nauðsynleg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Þekking og færni í tölvuvinnslu

Laun og kjör verða í samræmi við ákvæði kjarasamninga.

**Nánari upplýsingar veitir:**
Ari Eyberg, ari@hagvangur.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember nk.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

---

## Forstöðumaður
tæknideildar/skipulags- og byggingarfulltrúi.

Sveitarfélagið Vesturbyggð auglýsir eftir forstöðumanni tæknideildar/skipulags- og byggingarfulltrúa. Um mjög fjölbreytt starf er að ræða og mikil uppbygging framundan. Nánari skilgreiningu er að finna á heimasíðu Vesturbyggðar http://www.vesturbyggd.is Frekari upplýsingar gefur bæjarstjóri Vesturbyggðar í síma 450-2300. Einnig má senda fyrirspurn á netfang, baejarstjori@vesturbyggd.is

**Bæjarstjórinn í Vesturbyggð.**

---

Norsk TURBOSERVICE A/S Tlf. 35511099

## Vi søker

medarbeider for regnskap, bokføring, ordre og salg.

Du får gjerne være relativt nyutdannet, glad, pålitelig og ha god arbeidsmoral.

Vi er et 30 år gammelt ekspansivt, velmeritert firma, med beliggenhet i Telemark, Norge. Sammen med vårt søsterselskap i Sverige, er vi ledende i Skandinavia i vår bransje.

**Er du interessert, sender du snarest din CV (gjerne bilde) til : info@turboservice.no**

Vi hjelper eventuelt til med bosted, og det som eller`s måtte behøves for at du skal ha det bra.

---

**ÞEYSTAREYKIR ehf.**

## Rannsóknaboranir á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit

**Mat á umhverfisáhrifum**
**Drög að tillögu að matsáætlun**

Þeistareykir ehf. kynna áform um að bora allt að fjórar rannsóknaholur á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit, í Þingeyjarsýslu. Tilgangur rannsóknaborana er að kanna eiginleika jarðhitasvæðisins á Þeistareykjum. Rannsóknirnar eru nauðsynlegur liður í öflun upplýsinga um hversu mikinn vinnanlegan jarðhita sé þar að finna.

Í 6. gr. og 2. viðauka, tl. 2 c i, í lögum nr. 106/2000 m.s.b., um mat á umhverfisáhrifum, kemur fram að djúpborun og þar með talin borun rannsóknahola á háhitasvæðum, sé tilkynningarskyld framkvæmd. Í ljósi aðstæðna óskuðu Þeistareykir ehf. hins vegar eftir því að fara með fyrirhugaðar rannsóknaboranir beint í mat á umhverfisáhrifum skv. IV. kafla laganna og hefur Skipulagsstofnun fallist á þá málsmeðferð.

Matsvinnan er hafin og má nálgast drög að tillögu að matsáætlun á heimasíðum Þeistareykja ehf., www.theistareykir.is og Mannvits hf., www.mannvit.is.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum við drög að tillögu að matsáætlun til Alberts Guðmundssonar, Landsvirkjun Power ehf., á netfangið albert@lvp.is með afriti til Auðar Andrésdóttur, Mannviti hf., á netfangið audur@mannvit.is.

Valsmenn byrjuðu með miklum látum, komust í 0-4 og létu þá forystu ekki af hendi í fyrri hálfleik en þá leiddu þeir 9-14. HK-ingar komu hins vegar brjálaðir í seinni hálfleikinn, lokuðu vörninni, börðu hraustlega á Valsmönnum sem þoldu barsmíðarnar illa. HK skoraði sex fyrstu mörkin í síðari hálfleik og komst yfir, 15-14. Valsmenn tóku fljótlega leikhlé eftir það og hefðu að ósekju mátt taka það leikhlé fyrr og jafnvel skipta um markvörð.

Leikurinn jafnaðist í kjölfarið á ný en HK var þó ávallt skrefi á undan, komst í 22-20 en Valur skoraði síðustu tvö mörk leiksins og náði að tryggja sér eitt stig. Óskari Bjarna Óskarssyni, þjálfara Vals, var heitt í hamsi í lok leiksins.



„Það var skandall hvernig við komum inn í seinni hálfleik því við hefðum átt að drepa þá. Ég geri mistök með því að taka ekki leikhlé fyrr en maður á það til að vilja geyma það svolítið. Við komumst svo inn í leikinn en eyðleggjum hann á ný þegar við erum einum fleiri sem var afar dapurt. Þegar upp var staðið var þó ágætt að tryggja eitt stig,“ sagði Óskar Bjarni sem var ósáttur við dómgæsluna en vildi þó lítið láta hafa eftir sér um hana. Hann hafði nokkuð til síns máls þar en félagarnir Ingvar og Jónas áttu ekki góðan dag. Byrjuðu strax að dæma illa, samræmið ekkert og margir furðulegir dómar litu dagsins ljós en það hallaði þó nokkuð jafnt á bæði liðin svona heit yfir.



Gunnar Magnússon, þjálfari HK, var ívið rólegri en kollegi hans hjá Val.

„Við Óskar vorum búnir að semja um jafntefli þegar við vorum með landsliðinu út í Noregi,“ sagði Gunnar og glotti. „Valsmenn sáu ekki til sólar í sókn í seinni hálfleik en slæmar ákvarðanir hjá okkur undir lokin fóru með sigurinn. Verðum að læra af því.“

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| ARSENAL - MANCHESTER UNITED | 2-1 |
| 1-0 Samir Nasri (21.), 2-0 Samir Nasri (47.), 2-1 Rafael (89.). | |
| HULL CITY - BOLTON WANDERERS | 0-1 |
| 0-1 Matthew Taylor (49.). | |
| SUNDERLAND - PORTSMOUTH | 1-2 |
| 1-0 Djibril Cisse (3.), 1-1 Nadir Belhadj (50.), 1-2 Jermain Defoe (90.). | |
| WEST HAM UNITED - EVERTON | 1-3 |
| 1-0 Jack Collison (62.), 1-1 Joleon Lescott (82.), 1-2 Louis Saha (84.), 1-3 Louis Saha (86.) | |
| LIVERPOOL - WBA | 3-0 |
| 1-0 Robbie Keane (34.), 2-0 Robbie Keane (43.), 3-0 Arbeloa (90.) | |

**STAÐA EFSTU OG NEÐSTU LIÐA:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Liverpool | 12 | 9 | 2 | 1 | 19-8 | 29 |
| **Chelsea** | **11** | **8** | **2** | **1** | **27-4** | **26** |
| **Arsenal** | **12** | **7** | **2** | **3** | **25-13** | **23** |
| Man. United | 11 | 6 | 3 | 2 | 20-10 | 21 |
| **Aston Villa** | **11** | **6** | **2** | **3** | **19-14** | **20** |
| ---------- | | | | | | |
| **Sunderland** | **12** | **3** | **3** | **6** | **10-18** | **12** |
| Fulham | 10 | 3 | 2 | 5 | 8-9 | 11 |
| **WBA** | **12** | **3** | **2** | **7** | **10-21** | **11** |
| Tottenham | 11 | 2 | 3 | 6 | 13-17 | 9 |

### *Meistaradeild Evrópu:*

**Haukar-Flensburg** **25-34 (15-14)**
**Mörk Hauka (skot):** Sigurbergur Sveinsson 8/1 (19/2), Freyr Brynjarsson 4 (5), Andri Stefan 4 (8), Gunnar Berg Viktorsson 3 (9), Pétur Pálsson 2 (3), Stefán Sigurmannsson 2 (3), Kári Kristjánsson 1 (1), Gísli Þórisson 1 (2).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 8.
Mörk Flensburg (skot): Thomas Mogensen 8 (9), Lasse Svan Hansen 8 (9), Lars Christiansen 5/2 (7/2), Alen Muratovic 4 (5), Oscar Carlén 2 (4), Torge Johannsen 2 (3), Lasse Boesen 2 (2), Michael Knudsen 2 (4).
**Varin skot:** Dan Beutler 14, Jendrik Meyer 4.

### *N1-deild karla:*

**HK-Valur** **22-22 (9-14)**
**Mörk HK (skot):** Valdimar Þórsson 7/4 (14/6), Ragnar Hjaltested 4 (5), Ásbjörn Stefánsson 3 (7), Einar Ingi Hrafnsson 3 (6), Brynjar Hreggviðsson 3 (5), Gunnar Steinn Jónsson 2 (4).
**Varin skot:** Björn I. Friðþjófsson 15 (37/6) 41%
**Mörk Vals (skot):** Arnór Gunnarsson 7/1 (11/1), Baldvin Þorsteinsson 5/1 (7/1), Elvar Friðriksson 4/3 (9/4), Hjalti Pálmason 3 (6), Orri Gíslason 1 (2), Gunnar Harðarson 1 (1), Ingvar Árnas. 1 (2).
**Varin skot:** Ólafur Haukur Gíslason 18/1 (39/4) 46%, Pálmar Pétursson 1/1 (2/2) 50%.

### *N1-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| **HK-Valur** | **28-32** |
| **FH-Haukar** | **27-29** |
| **Fylkir-Stjarnan** | **24-17** |

# Sýning í síðari hálfleik

**Þýska stórliðið Flensburg bauð upp á flugeldasýningu í síðari hálfleik gegn Haukum á Ásvöllum í gær. Eftir frábæran fyrri hálfleik gáfu Haukar allt of mikið eftir og Flensburgarar hreinlega keyrðu þá í kaf með mögnuðum handbolta.**

**HANDBOLTI** Hálfleikarnir á Ásvöllum í gær voru eins og svart og hvítt. Haukar frábærir í þeim fyrri og Flensburgarar stórkostlegir í þeim síðari þar sem Haukar fengu hraustlega á baukinn hjá þessu magnaða þýska liði.

Leikurinn í gær var uppgjör um annað sæti F-riðilsins. Það var vel mætt á Ásvelli í gær og áhorfendur kveiktu vel í Haukum sem byrjuðu leikinn með miklum látum.

Þeir spiluðu frábæra vörn og lömdu stórstjörnurnar frá Flensburg eins og harðfisk. Stjörnurnar létu barsmíðarnar koma sér á óvart og gáfu vel eftir. Á hinum enda vallarins spiluðu Haukar afar agaðan og ákveðinn sóknarleik. Þessi flotti leikur skilaði þeim fjögurra marka forystu, 8-4, eftir 10 mínútur og breytti engu þótt Haukar væru meira og minna manni færri.

Þá var Kent-Harry Anderson, þjálfara Flensburg, nóg boðið og tók leikhlé. Hléið skilaði sínu því vörnin stórlagaðist, Beutler fór að verja í markinu og Flensburg jafnaði, 8-8. Þá tók Sigurbergur Sveinsson til sinna ráða en hann átti stórleik í hálfleiknum og skoraði 6 mörk. Haukar héldu sínu og leiddu í leikhléi, 15-14.

Ræðan hjá Andersson í hálfleik hefur verið af dýrari gerðinni því hans menn mættu heldur betur grimmir til síðari hálfleik. Flensburgarar hreinlega keyrðu yfir Haukana á fyrstu tíu mínútum hálfleiksins og kláruðu leikinn.

Skoruðu sjö mörk í röð og breyttu stöðunni úr 17-16 í 17-23. Sóknarleikur Hauka var í molum á þessum kafla sem og vörnin. Þess utan markvarslan engin. Andri og Gunnar Berg, sem voru sprækir í fyrri hálfleik, heillum horfnir og eina ógnunin frá Sigurbergi. Línusendingarnar virkuðu ekkert og Haukar köstuðu þess utan boltanum frá sér á ódýran hátt.



**STERKUR** Sigurbergur Sveinsson átti flottan leik í gær og gerði varnarmönnum Flensburg oft lífið leitt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Flensburg þakkaði pent fyrir sig með hverju hraðaupphlaupinu á fætur öðru og hreinlega keyrðu Haukana í kaf. Haukar héldu þeim í tveim hraðaupphlaupum í fyrri hálfleik en leikmönnum Flensburgar héldu engin bönd í síðari hálfleik þar sem þeir skoruðu úr 13 hraðaupphlaupum.

Þeir buðu upp á frábæra flugeldasýningu þar sem klassamunurinn á þessum tveim liðum kom klárlega í ljós. Uppskeran að lokum verðskuldaður stórsigur hjá þýska liðinu, 25-34.

„Við vorum gjörsamlega keyrðir í kaf og virtumst einfaldlega ekki hafa úthald í þetta,“ sagði dauðþreyttur Sigurbergur Sveinsson í leikslok en það fjaraði undan honum eins og öðrum leikmönnum Hauka þegar leið á og síðustu sex skot hans misstu marks. „Þetta eru atvinnumenn en við erum í kreppunni hér heima, vinnandi og í skóla. Það sást bersýnilega í seinni hálfleik. Fyrri hálfleikur var samt mjög jákvæður og þar sýndum við hvað í okkur býr en það kostaði sitt og við sprungum á limminu.“

**henry@frettabladid.is**



**LARS CHRISTIANSEN** Danska stjarnan lék listir sínar á Ásvöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lars Christiansen:

## Auðveldara en ég átti von á

**HANDBOLTI** Danska stórstjarnan Lars Christiansen var að vonum kátur með sigurinn í gær.

„Haukar voru mjög góðir í fyrri hálfleik og nýttu sér okkar mistök til fullnustu. Vörnin hjá okkur var þess utan slök og hæg. Við vissum að við yrðum að vera á tánum því þeir eru hraðir og berjast,“ sagði Christiansen sem skoraði 5 mörk í leiknum.

„Svo komu hraðaupphlaupin hjá okkur þegar vörnin small. Síðari hálfleikur var allt of auðveldur og það kom mér á óvart enda höfum við séð Haukana afar sterka í seinni hálfleik í þessari keppni. Mér fannst Haukarnir eiginlega gefast upp og tapa trúnni allt of snemma í síðari hálfleik,“ sagði Christiansen og hafnaði öllum kenningum um vanmat. Sagði Flensburg hafa búið sig undir erfiðan leik gegn sterku liði Hauka. **- hbg**




Arsenal heldur sér í baráttunni með gríðarlega mikilvægum sigri á Man. Utd.:

# Samir Nasri afgreiddi meistarana

**FÓTBOLTI** Það var mikið undir hjá Arsenal er það tók á móti Man. Utd á Emirates-vellinum í gær. Guttarnir hans Wengers stóðust prófið og lögðu Englandsmeistarana, 2-1, í hreint frábærum knattspyrnuleik.

Samir Nasri skoraði bæði mörk Arsenal en Rafael minnkaði muninn undir lok leiksins. United var mun betra framan af og fyrra mark Arsenal kom nokkuð gegn gangi leiksins. Það var smá heppnisstimpill á fyrra markinu en ekki seinna markinu sem kom með frábæru langskoti eftir magnaða spilamennsku Arsenal.

„Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur því ég var farinn að ímynda mér hvað myndi gerast ef við töpuðum þessum leik,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, kátur í leikslok. „Þetta var mikilvægur leikur fyrir framtíð þessa liðs. Til að vera í baráttunni þarf að vinna þessa stórleiki og þessi sigur gefur hinu unga liði mínu mikið. Það var frábær andi og baráttuvilji hjá liðinu í þessum leik.“

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, viðurkenndi að þetta tap hefði svo sannarlega áhrif á titilvonir liðsins.

„Þetta er mikið áfall enda urðum við að vinna þennan leik. Úrslit okkar gegn hinum toppliðunum eru verulegt áhyggjuefni og gengið allt annað en það var í fyrra gegn þessum liðum. Við þurfum að komast yfir 85 stig til að eiga möguleika á titlinum og verðum að halda áfram að reyna að ná því takmarki,“ sagði Ferguson. **- hbg**



**SÁTTUR VIÐ STRÁKINN** Arsene Wenger klappar hér Samir Nasri eftir að hann hafði skorað í leiknum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

# Stórtónleikar í Háskólabíói miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20



# ÞÚ GETUR!

Stofnaður hefur verið nýr forvarna- og fræðslusjóður til styrktar þeim sem eiga við geðræna vanlíðan eða veikindi að stríða. Markmið sjóðsins eru að afla styrkja til náms, berjast gegn fordómum og efla nýsköpun í geðheilbrigðisþjónustu.

Fjáröflun hefst með stórhuga tónleikahaldi í Háskólabíói, miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20. Margir af þekktustu tónlistarmönnum og bestu skemmtikröftum þjóðarinnar leggja málefninu lið og gefa til þess vinnu sína. Verkefnastjóri er Ragnheiður Guðfinna Guðnadóttir. Auk tónlistar og listviðburða verður fræðsla um geðheilbrigði, forvarnir og eflingu.

Húsið verður opnað **kl.19.30** – dagskrá hefst **kl. 20.00**
**Helga Braga** og **Pétur Jóhann**
Ólafur Þór Ævarsson, læknir og formaður stjórnar sjóðsins
**Ragnheiður Gröndal**
**Í svörtum fötum**
Heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson
Hljómsveitin **Buff** & **Þórhallur Sigurðsson** (**Laddi**)
**Hera Björk**
**Geir Ólafs**
Sr. Pálmi Matthíasson, stjórnarmaður sjóðsins
Strákarnir frá Duett.is, **Davíð Ólafs** og **Stefán Helgi**
**Klaufarnir**
Sigurður Guðmundsson, læknir og stjórnarmaður sjóðsins
**Magni**
**Páll Rósinkranz**
**ABBA show-spútnik** og **HARA-systur**
**Sálin hans Jóns míns**

Aðgangseyrir er 2.000 kr. Miðasala er í verslunum **LYFJU** á höfuðborgarsvæðinu.

Þeim sem styðja vilja sjóðinn með upphæð að eigin vali er bent á bankareikning nr.**1158-26-1300**, kt. **621008-0990.**

**Nýr forvarna- og fræðslusjóður til styrktar þeim sem eiga við geðræna vanlíðan eða veikindi að stríða.**

GEÐHJÁLP
LÝÐHEILSUSTÖÐ www.lydheilsustod.is
FORVARNIR
actavis hagur í heilsu
LANDSNET
Heilbrigðisráðuneytið
EXTON Ljós - Hljóð - Mynd

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

> **Liv Ullmann**

„Kvikmyndir eiga að sýna fólk og líf þannig að þú vitir meira um það í lok myndar en þú gerðir í upphafi.“
Ullman leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Sarabanda frá árinu 2003 sem Ingmar Bergman leikstýrir og er sýnd í Sjónvarpinu í kvöld.



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR SEKKUR DÝPRA Í SVAÐIÐ

# *Hraði, spenna, blóð og mistök*

Bráðavaktin hóf enn og aftur göngu sína hjá Sjónvarpinu í síðustu viku, blessunarlega, og um svipað leyti bárust fréttir af fráfalli snillingsins Michael Crichton, heilans á bak við þetta vinsælasta læknadrama allra tíma sem og heilans á bak við Júragarðinn. Crichtons verður sárt saknað.

En Bráðavaktin er náttúrlega ekkert annað en algerlega skotheld sjónvarpsþáttaforsenda. Í hverjum einasta þætti ætlar allt um koll að keyra; alltof mörg bráðatilfelli, alltof fáir læknar, alltof lítið pláss til að hýsa allt þetta fólk, hver ákvörðun er spursmál um líf og dauða. Þetta er allt mátulega trúverðugt, enda er það ein af staðreyndum lífsins að fólk er alltaf að meiða sig og veikjast. Svo eru læknarnir náttúrlega föngulegir vinnualkar sem óhjákvæmilega fella hugi saman, eins og vera ber. Þessi atriði virka öll saman til þess að fella áhorfendur í varanleg álög; byrji maður á annað borð að fylgjast með



þáttunum verður ekki aftur snúið og stefnan tekin á skylduáhorf á Bráðavaktina fram á grafarbakkann.

Fyrsti kafli nýju þáttaraðarinnar fór bærilega af stað: tugir manna voru við dauðans dyr, meiðslin voru í sumum tilfellum afar blóðug og ógeðsleg og einn læknanna var sjálfur í lífshættu. Hraðinn og spennan voru sumsé alveg í botni, sem var gott, en þó var það þættinum til vansa að alvarlegur skortur á föngulegum karlkyns læknum gerði vart við sig. Það er furðuleg yfirsjón af hálfu framleiðenda þáttanna, enda hafa myndarlegir karl-læknar verið aðal Bráðavaktarinnar allt frá dögum George Clooney (sem er reyndar stórlega ofmetið kyntákn). Yfirlolinn Kovac var fjarri góðu gamni nú í vikunni og þeir læknar sem lufsuðust um ganga spítalans féllu í besta lagi í flokkinn bærilegir. Þetta geta áhorfendur náttúrlega ekki þolað. Kovac verður að snúa heim hið allra fyrsta.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Stundin okkar SJÓNVARPIÐ



▶ **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Maríu SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Chicago Bears - Tennesee Titans STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.05** Numbers STÖÐ 2



▶ **21.50** Swingtown SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Í næturgarði, Pósturinn Páll, Friðþjófur forvitni, Stjáni, Sígildar teiknimyndir, Gló magnaða, Frumskógar-Goggi, Lára og Sigga ligga lá.
**11.05 Gott kvöld** (e)
**11.55 Viðtalið** (e)
**12.30 Silfur Egils** (e)
**13.55 Líf með köldu blóði** (2:5) (e)
**14.45 Martin læknir** (2:7) (e)
**15.35 Meistaradeild Evrópu í handbolta karla** Haukar - Flensburg
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Risto** (9:13) (e)
**17.35 Regnhlíf, kannski ást?** (e)
**17.50 Risto** (10:13) (e)
▶**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Spaugstofan** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.35 Veður**
▶**19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu** Eva María Jónsdóttir ræðir við Ilmi Kristjánsdóttur leikkonu.
**20.20 Sommer** (Sommer) (2:10) Danskur myndaflokkur.
**21.20 Saraband** (Saraband) Marianne heimsækir Johan, fyrrverandi manninn sinn, eftir 30 ára aðskilnað. Hann býr á landareign í Dölunum ásamt syni sínum og dóttur hans. Marianne kemst brátt að því að ekki er allt með felldu á þeim bæ.
**23.10 Hringiða** (Engrenages) (6:8) Franskur sakamálamyndaflokkur.
**00.00 Silfur Egils** (e)
**01.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Cow Belles**
**10.00 Days of Thunder**
**12.00 Buffalo Dreams**
**14.00 My Date with Drew**
**16.00 Cow Belles**
**18.00 Days of Thunder**
**20.00 Buffalo Dreams** Hugljúf mynd fyrir alla fjölskylduna úr smiðju Disney.
**21.30 Bond On Location**
**22.00 Hostage**
**00.00 Sleeping with The Enemy**
**02.00 Die Hard II**
**04.00 Hostage**
**06.00 Kin**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Barney og vinir, Kalli á þakinu og Litla risaeðlan .
**08.05 Algjör Sveppi** Fífí, Doddi litli og Eyrnastór, Lalli, Svampur Sveinsson, Áfram Diego, áfram! og Könnuðurinn Dóra.
**10.00 Doctor Dolittle 2**
**11.30 Latibær** (13:18)
**12.00 Sjálfstætt fólk**
**12.35 Neighbours**
**12.55 Neighbours**
**13.15 Neighbours**
**13.35 Neighbours**
**13.55 Neighbours**
**14.20 Chuck** (10:13)
**15.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (3:10)
**15.45 The Daily Show. Global Edition**
**16.10 Logi í beinni**
**16.55 Oprah**
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.55 Veður**
**19.10 Mannamál**
**19.55 Sjálfstætt fólk** (8:40) Jón Ársæll Þórðarson heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum í eftirlætisviðtalsþætti þjóðarinnar.
**20.30 Dagvaktin** (8:12)
▶**21.05 Numbers** Tveir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri er varðstjóri hjá FBI en sá yngri er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**21.50 Fringe** (5:22) Olivia Dunham alríkisfulltrúi og vísindamaðurinn Peter Bishop þurfa að sameina krafta sína við að útskýra röð af óútskýrðum fyrirbærum sem ógna mannkyninu áður en það verður of seint.
**22.40 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar og taka einstök viðtöl við heimsþekkt fólk.
**23.25 Grey´s Anatomy** (3:24)
**00.10 Journeyman** (4:13)
**00.55 Mannamál**
**01.35 Dirty Dancing. Havana Nights**
**03.00 Ghost Rig**
**04.30 Fringe** (5:22)
**05.15 Dagvaktin** (8:12)
**05.45 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**08.25 Spænski boltinn**
**10.05 Box** Joe Calzaghe - Roy Jones jr.
**11.35 Spænski boltinn** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**13.15 F1. Við endamarkið** Fjallað verður um atburði helgarinnar.
**13.55 Þýski handboltinn** Bein útsending frá stórleik Kiel og Lemgo. Íslendingaslagur af bestu gerð en Alfreð Gíslason þjálfar lið Kiel og þeir Logi Geirsson og Vignir Svavarsson leika með liði Lemgo.
**15.25 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik Real Madrid og Juventus.
**17.05 Fréttaþáttur meistaradeildar Evrópu**
**17.30 NFL-deildin** Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
**18.00 Golf Children's Miracle Network Classic** Bein útsending frá Gold Children's Miracle Classic mótinu en leikið er á Magnolia-vellinum í Disney World.
▶**21.00 NFL-deildin** Bein útsending frá leik Chicago Bears - Tennesee Titans.
**00.00 Þýski handboltinn** Útsending frá leik Kiel og Lemgo.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**09.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Sunderland og Portsmouth.
**10.40 PL Classic Matches** Newcastle - Tottenham, 1996.
**11.10 PL Classic Matches** Blackburn - Leeds, 1997.
**11.40 Premier League World**
**12.10 4 4 2**
**13.20 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Blackburn og Chelsea.
**15.20 PL Classic Matches** Blackburn - Chelsea, 2003.
**15.50 Enska úrvalsdeildin** Bein útsending frá leik Fulham og Newcastle í ensku úrvalsdeildinni. 14.55 á Sport 3 er Man. City - Tottenham 14.55 á Sport 4 er Aston Villa - Middlesbrough
**18.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Man. City og Tottenham.
**19.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Aston Villa og Middlesbrough.
**21.20 4 4 2**
**22.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Arsenal og Man. Utd.
**00.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og WBA.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**12.55 Vörutorg**
**13.55 Dr. Phil** (e)
**14.40 Dr. Phil** (e)
**15.25 Dr. Phil** e)
**16.10 What I Like About You** (16:22) (e)
**16.40 Frasier** (16:24) (e)
**17.05 Innlit/Útlit** (7:14) (e)
**17.55 How to Look Good Naked** (7:8) (e)
**18.45 Singing Bee** (8:11) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (23:42) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. Vinsælust eru alls kyns óhöpp, mistök og bráðfyndnar uppákomur með börnum, fullorðnum eða jafnvel húsdýrum.
**20.10 Robin Hood** (12:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. Hrói á afmæli og útlagarnir halda til óvæntrar veislu í hlöðu en þar sitja málaliðar fógetans fyrir þeim og ætla ekki að láta þá sleppa lifandi.
**21.00 Law & Order. Special Victims Unit** (13:22) Bandarísk sakamálasería um sérdeild lögreglunnar í New York sem rannsakar kynferðisglæpi. Nafnlaust bréf með myndum er upphafið að ljótu barnaklámsmáli sem Benson rannsakar með Fin og Munch.
▶**21.50 Swingtown** (13:13) Ögrandi þáttaröð sem gerist þegar kynlífsbyltingin stóð sem hæst og frjálsar ástir og makaskipti urðu vinsæl tómstundaiðja í rótgrónum úthverfum. Það er komið að lokaþættinum og nú þarf að svara stórum spurningum. Susan, Bruce, Trina, Tom, Roger og Janet þurfa öll að taka ákvarðanir sem gætu haft afdrifarík áhrif á hjónaböndin.
**22.40 CSI: Miami** (7:21) (e)
**23.30 Jay Leno** (e)
**00.20 Vörutorg**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku** Endurtekið á klst. fresti.
**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Nú er rétti tíminn til að fjárfesta í myndlist

## Listmunauppboð

verður haldið mánudagskvöldið 10. nóvember í
Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Uppboðið hefst kl. 18.
Á uppboðinu er úrval góðra verka,
meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna.



Jón Stefánsson



Sigurjón Ólafsson

Verkin eru til sýnis:
sunnudag kl. 12–17 og mánudag 10–17

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.55

**Mannamál**



Sigmundur Ernir Rúnarsson fær til sín góða gesti og fjallar um málefni líðandi stundar, menninguna og allt þar á milli á mannamáli. Í þættinum í kvöld munu Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, og Þór Sigfússon, formaður SA, setjast á rökstóla og ræða um ýmis mál sem brenna á landsmönnum, þar á meðal um 20 prósenta verðbólgu, 10 prósenta atvinnuleysi, fjársvelt fyrirtæki, fallna krónu, uppsagnir og launalækkanir. Þá verður haldið áfram að fjalla um nýjar bækur og bíómyndir og plötur dæmdar. Þátturinn er í opinni dagskrá og á mannamáli.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Dagvaktin**

**Stöð 2 kl. 20.30**

Það nægir Georg ekki að gegna aðeins stöðu hótelstjóra á Bjarkalundi í fjarveru Guggu heldur vill hann jafnframt fá hennar pláss í kvenfélaginu. Hann hefur nú fundið stóru ástina í lífu sínu við lítinn fögnuð Ólafs Ragnars. Daníel fær svo óvænta en skemmtilega heimsókn bróður síns sem er skurðlæknir í Boston.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**07.05** Morgunandakt
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Ársól
**09.03** Lárétt eða lóðrétt
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Bókaþing
**11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Tækni verður list
**14.00** Útvarpsleikhúsið Besti vinur hundsins: Lykillinn
**15.00** Hvað er að heyra?
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Úr tónlistarlífinu
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Seiður og hélog
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Óskastundin
**19.40** Öll þau klukknaköll
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.10** Orð skulu standa
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Til allra átta
**23.00** Andrarímur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.30 Hollyoaks** (51:260)
**15.55 Hollyoaks** (52:260)
**16.20 Hollyoaks** (53:260)
**16.45 Hollyoaks** (54:260)
**17.10 Hollyoaks** (55:260)
**18.00 Seinfeld** (19:22)
**18.30 Seinfeld** (20:22)
**19.00 Seinfeld** (7:24)
**19.30 Seinfeld** (8:24)
**20.00 My Bare Lady** (1:4) Fjórar klámmyndaleikstjörnur frá Bandaríkjunum fá tækifæri á að spreyta sig í virtum leiklistarskóla í Bretlandi og fá hlutverk í alvöru leikhúsi.
**20.45 Twenty Four 3** (24:24) Ein besta spennuþáttaröð síðari ára, 24, gerist á einum sólarhring. Aðalhlutverkið leikur Kiefer Sutherland sem hefur sópað til sín viðurkenningum fyrir frammistöðu sína í myndaflokknum.
**21.30 Happy Hour** (13:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 My Boys** (8:22)
**22.25 Næturvaktin** (12:13)
**22.50 Næturvaktin** (13:13)
**23.20 Seinfeld** (19:22)
**23.45 Seinfeld** (20:22)
**00.10 Seinfeld** (7:24)
**00.35 Seinfeld** (8:24)
**01.00 Sjáðu**
**01.25 Kenny vs. Spenny** (9:13)
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**18.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**19.00 Neytendavaktin** Ragnhildur Guðjónsdóttir.
**19.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson.
**20.00 Mér finnst** Ásdís Olsen.
**21.00 Vitleysan** Þórhallur Þórhallsson og Eyvindur Karlsson
**22.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson
**23.00 Í nærveru sálar** Kolbrún Baldursdóttir.
**23.30 Katrín Júlíusdóttir**

## DR 1

**10.00** Ledreborg slotspark fremtidens barokhave **10.30** Plan dk **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Boxen **11.25** OBS **11.30** SPAM **11.55** Skum TV **12.10** Angora by night **12.35** Family Guy **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Sommer **14.45** HåndboldSøndag **16.30** Sigurds Bjørnetime **17.00** Max **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Gnuernes lange vandring **19.00** Sommer **20.00** 21 Søndag **20.40** SportNyt med SAS liga **20.55** Columbo **22.25** Willy Brandts sidste dage

## NRK 1

**10.30** Norge rundt **10.55** Katten **12.15** Creature Comforts. hvordan har vi det? **12.25** Minnekonsert for Herbert von Karajan **14.15** Kvitt eller dobbelt **15.15** V-cup skøyter **16.30** Åpen himmel **17.00** Hvor er Alf! **17.15** Gubben og Katten **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.05** Den syngende bydelen **19.35** En livskraftig planet **20.25** Brokeback Mountain **22.35** Kveldsnytt **22.50** Soldatene **23.40** Berserk gjennom Nordvestpassasjen **00.10** Uka med Jon Stewart

## SVT 1

**10.30** Folk i bild 2008 **10.55** USA-valet. Amerikas ondaste man **12.25** Andra Avenyn **12.55** Andra Avenyn **13.25** Andra Avenyn **13.55** Toppform **14.25** Dom kallar oss artister **14.55** Dansbandskampen **16.25** Tre Kronor live. Karjala Cup **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Leende guldbruna ögon **18.15** Hemliga svenska rum **18.30** Rapport **18.55** Regionala nyheter **19.00** Andra Avenyn **19.30** Sportspegeln **20.15** Jekyll **21.10** VeteranTV **21.40** Lev ännu längre **22.10** Byss **22.25** Brottskod. Försvunnen **23.05** Carin 21:30


EFTIRLÆTIS BAROKK Í LANGHOLTSKIRKJU
FIMMTUDAGINN 20. NÓVEMBER | kl. 19.30 | ÖRFÁ SÆTI LAUS!
FÖSTUDAGINN 21. NÓVEMBER | kl. 19.30
Hljómsveitarstjóri | Nicholas Kraemer
Einsöngvari | Dominique Labelle

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS




Hátíðleiki og heiðríkja barokk tónlistar lyftir andanum upp yfir amstur hversdagsins. Komdu og láttu Vatnamúsík Handels, Aríu á G-streng Bachs, Kanón Pachelbels og fleiri ljúfa barokktóna róa sálina.

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!
Ekki missa af þessum frábæru tónleikum – tryggðu þér miða í síma **545 2500** eða á **www.sinfonia.is**. Athugið að ekki er hægt að bóka sérkjör eða afslætti á Netinu.

STOÐIR
er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hann er voða duglegur. Þetta er sniðug hugmynd hjá honum með fjarþjálfunina og það kannski veitir ekki af því á þessum tímum að vera með eitthvað til að lyfta mannskapnum upp. Fólk þarf að halda áfram að hreyfa sig og gera eitthvað þótt á móti blási í kreppunni.“*

Ester Ásbjörnsdóttir, móðir Egils Einarssonar, Gilzeneggers, sem hefur slegið í gegn með fjarþjálfun sinni.

## HIN HLIÐIN SNORRI ÁSMUNDSSON LISTAMAÐUR

# Kann ekki að skammast sín

**Hvað er að frétta?** Ég er að taka þátt í þremur sýningum á einni viku. Í gær tók ég þátt í samsýningu í Kling og Bang gallerí, á þriðjudaginn opna ég einkasýningu í Gallerí Vegg hjá Helga Þorgils og svo föstudaginn 14. nóvember opna ég einkasýningu í Gallery Turpentine. Svo var heimasíða mín, flotakona.com, að fara á veraldarvefinn.

**Augnlitur:** Gráblár.

**Starf:** Myndlistarmaður.

**Fjölskylduhagir:** Þægilegir.

**Hvaðan ertu?** Evrópu.

**Ertu hjátrúarfullur?** Ég trúi ekki … ég veit.

**Uppáhaldssjónvarpsþátturinn?:** Ég horfi aldrei á sjónvarp, en fréttunum undanfarið hef ég þó ekki misst af, þær eru svo skemmtilega veruleikafirrtar.

**Uppáhaldsmaturinn?:** Ferskir ávextir og grænmeti.

**Fallegasti staðurinn?:** Ásbyrgi.

**iPod eða geislaspilari?:** ?

**Hvað er skemmtilegast?** Að verða fyrir hugljómunum.

**Hvað er leiðinlegast?** Mér leiðist aldrei.

**Helsti veikleiki?:** Kann ekki að skammast mín.

**Helsti kostur?:** Óþekktin.

**Helsta afrek?:** Hætti að reykja og drekka.

**Mestu vonbrigðin?:** Stjórnvöld.

**Hver er draumurinn?:** Að verða forseti.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Kolfinna Baldvinsdóttir.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Að amerísk ruslmenning hafi yfirtekið heiminn.

**Hvað er mikilvægast?** Að vera þakklátur og að vera í góðu vitundarsambandi við lífið.




# Safnar gjaldeyri með sölu á krónukortum

Myndlistarmaðurinn Frosti Friðriksson hyggst á næstu dögum koma upp litlum kössum í grennd við dvalarstaði erlendra ferðamanna. Þar geta þeir keypt sér svokölluð krónukort – lítil kort með einni íslenskri krónu inni í – fyrir erlendan gjaldeyri. Fram kemur á verðskránni að 12 prósent af gjaldeyrinum renni til Seðlabanka Bretlands.

Frosti segir að hugmyndinni hafi slegið niður í kollinn á honum eins og eldingu. Nánast eins og fullsköpuð úr höfði Seifs. Hann var nýkominn með „gjörninginn“ sinn úr prentsmiðju og var í þann mund að fara að líma krónurnar inn í bréfin. „Ég prentaði fimm þúsund stykki þannig að þetta verða fimm þúsund stakar krónur sem þarf að líma,“ segir Frosti. Ein króna mun kosta eitt pund eða eina evru, nú eða einn dollara.



**KRÓNUKORT** Frosti með krónukortin og verðskrána en 12 prósent af sölunni eiga að renna til Seðlabanka Bretlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hann hefur áður sem myndlistarmaður gripið til sérstakra ráðagerða og er frægt þegar hann fékk nokkra tugi Finna til að gefa fingrafarið sitt. „Þeir fengu síðan skjal til staðfestingar á því að fingrafarið þeirra væri til í Öskju á Íslandi,“ segir Frosti. Hann stofnaði jafnframt útibú fyrir indverska betlara í kjallaranum á i8-gallerí.

Frosti vonast jafnframt til þess að viðtökur útlendinga hér á landi eigi eftir að svala þeirri gjaldeyrisþurrð sem virðist ríkja á Íslandi um þessar mundir. - fgg

**LÆKKUM TAXTA:**

Öll almenn bókhaldsvinna. Ársreikningar/skattframtöl lögaðila, rekstraraðila og einstaklinga. Áralöng reynsla/fagleg vinnubrögð.

**Uppl. sími 8929336 eða email: ek3289@gmail.com**

**Blaðberinn bíður þín**

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



Blaðberinn… …góðar fréttir fyrir umhverfið



**RINGÓ OG BOLLAN** Félagar í Metal hafa eflst til muna að undanförnu og halda nú til Austurríkis – verðugir fulltrúar þjóðarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## INGVAR „RINGÓ“ JÓEL: ÆTLUM AÐ KOMA ÍSLANDI Á KORTIÐ AFTUR

# Borgarnesbollan í víking

Sterkustu menn landsins eru á leið í víking – ætla að taka hraustlega á því á heimsmeistaramóti kraftlyftingamanna sem haldið verður í Austurríki. Engan bilbug er að finna á þeim enda væri það hart ef kraftajötnar okkar væru með tárin í augunum.

„Við erum að fara fjórtán út til Austurríkis. Ég og fjórir aðrir erum að fara að keppa sem öldungar. Svo erum við með unga menn sem eru að stíga í átt til heimsfrægðar,“ segir Ingvar Jóel gjaldkeri hjá íslenska kraftlyftingafélaginu - IPF Metal.

Langt er síðan svo stór hópur kraftlyftingamanna hélt frá Íslandi til að taka þátt í heimsmeistaramótinu. Auðunn Jónsson var til að halda uppi merkinu, síðasti móhíkaninn, segir Ingvar Jóel, en nú hefur starfsemin verið rifin upp í orðsins fyllstu merkingu. Stofnað var nýtt félag og með mikilli vinnu hefur tekist að efla menn til sálar og líkama.

„Við erum með nokkra feikilega öfluga stráka sem eiga eftir að stimpla sig rækilega inn,“ segir Ingvar Jóel og nefnir sérstaklega til sögunnar Þorvald Kristbergsson, eða Bolluna, sem menn binda miklar vonir við enda reif hann nýverið upp 400 kíló í hnébeygju en gildandi heimsmet í hans flokki er 420 kíló. Ingvar Jóel segir menn reikna með því að hann saxi á það.

„Þeir eru farnir að fylgjast með Bollunni á „Powerliftingwatch“, helsta vef kraftamanna. Hann hefur verið að fá komment fyrir frábæran stíl og glæsilegan. Þar er hann kallaður Meatball.“

Þorvaldur gegnir nafninu Bollan. Var áður kallaður Borgarnesbollan en hann bjó uppi í Borgarnesi og þótti feitur í æsku. „Ekkert neikvætt við það. Bollan er frábær, alltaf brosandi, jákvæður og drífur menn með sér í góðum anda,“ segir Ingvar Jóel en sá háttur er hafður á að menn í kraftlyftingum fá ýmis upp- og viðurnefni:

„Palli fermeter er jafnhár á alla kanta, einn er Skyri sem eitt sinn var styrktur af KEA, Valdi kerfisfræðingur er bara kallaður Kerfismolinn, Balli bekkur, Gullsmiðurinn …“ segir Ingvar og þylur upp nöfn þessara hrikalegu félaga sinna. Sjálfur er hann kallaður Ringó, þótti svo líkur Hring konungi í Hringadróttinssögu – en Hringur þótti of virðulegt.

„Þetta eru alvörumenn. Og frábært fyrir Ísland, nú á þessum síðustu og verstu, að heimurinn sjái að hér búa enn karlmenn með krafta í kögglum en ekki bara möppudýr og peningasóðar,“ segir Ingvar Jóel Hópurinn heldur utan á þriðjudag. „Já, ég fékk aukareikning á flugfarseðlana sem ég greiddi með Vísa. Konan kemur með mér og flugið breyttist úr 107 í 154 þúsund. Ég kann ekki almennilega að skýra þetta,“ segir Ringó – gjaldkeri Metals. En ekki er að heyra að hann muni láta þetta trufla sig þegar hann fer að rífa upp járnin. jakob@frettabladid.is

# Kolaportið fullt í kreppunni

„Það er ansi mikið að gera hjá okkur,“ segir Gunnar Hákonarson framkvæmdastjóri Kolaportsins, en svo virðist sem vinsældir þess séu meiri nú en nokkru sinni fyrr, því allir básar eru nú þegar upppantaðir fram að jólum. „Það hefur yfirleitt verið mikið að gera hjá okkur á þessum tíma árs, en það er að gerast miklu fyrr núna. Vinsældir Kolaportsins hafa vaxið jafnt og þétt, en það er engin spurning að það er meiri fólksfjöldi sem kemur að versla núna,“ útskýrir Gunnar og segir kreppuna óneitanlega hafa haft sitt að segja.

„Hvort sem fólk hefur lent illa í kreppunni eða ekki hefur hún kennt fólki og fengið alla til að hugsa sinn gang. Til okkar kemur aðallega fólk sem er að taka til hjá sér og vill koma gömlum hlutum í verð, en fólk er farið að hugsa betur um notagildi hlutanna og að hver króna skiptir máli. Markaður með notaðar vörur hafa verið þekktir í árhundruð á meginlandi Evrópu og Freddy Mercury seldi meira að segja notuð föt áður en hann varð rokkstjarna,“ bætir hann við og brosir.



**FULLT FRAM AÐ JÓLUM** Allir básar eru upppantaðir í Kolaportinu fram að jólum, en Hákon segir fólk geta komist að eftir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aðspurður segir Gunnar leiguverð á básum ekki hafa hækkað þrátt fyrir vaxandi vinsældir Kolaportsins. „Við hækkum leiguna bara eftir vísitölu. Það er eina hækkunin sem við höfum farið eftir og erum ekkert að keyra upp leiguverðið þó svo að aðsóknin sé að aukast og þeir sem eru að taka til í geymslum sínum geta komist að eftir áramót,“ segir Gunnar. - ag

# NÝIR TITLAR Í SKÍFUNNI

DVD



Indiana Jones
and the Kingdom
of the Crystall Skull

DVD



Klovn seríur 1 og 2

DVD



Iron Man

DVD



Never Back Down

XBOX · Wii · PS2 · PS3 · PSP · NDS · PC



Batman Lego fyrir
allar tegundir leikjatölva

DVD



Speed Racer

## Full búð af nýjum vörum

S·K·Í·F·A·N
Nýtt upphaf

Skífan Laugavegi 26 · Skífan Kringlunni · Skífan Leifsstöð · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





**Gesthús Dúna**

Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin

Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is




**BAKÞANKAR**
Davíðs Þórs Jónssonar

## Reiði

Þjóðin er reið. Eðlilega. Það væri ljóta samansafnið af geðluðrum sem ekki reiddist ástandinu sem okkur hefur verið steypt í. Gallinn við reiði er hins vegar sá að hún er í eðli sínu hvorki kærleikur né skynsemi og það er alltaf óhollt að stjórnast af öðru en því.

**SUMIR** reiddust því svo að íslenskur banki væri beittur fjárglæfra- og hryðjuverkalögum að þeir létu taka af sér ljósmyndir til að sanna að þeir væru ekki hryðjuverkamenn. Líklega áttu myndirnar að sýna að hvítt fólk í lopapeysum gæti ekki verið hryðjuverkafólk. Í sömu viku myrti bandaríski herinn nefnilega fjögur hryðjuverkabörn í Sýrlandi án þess að þetta fólk vefengdi réttmæti þeirra ásakana. Auðvitað er bankakerfi sem er tífalt stærra en hagkerfið sem ber ábyrgð á því hreinræktuð fjárglæfrastarfsemi sem heyrir undir þar að lútandi lög. Hvort eðlilegt sé að þau séu undir sama hatti og hryðjuverkalög er bara allt annað mál.

**AÐRIR** mótmæltu opinberlega en gátu hvorki komið sér saman um hvar, hvenær né hverju. Pólitísk ljósmóðir Davíðs Oddssonar, Jón Baldvin Hannibalsson, hrópaði þar af tröppum mannlauss ráðherrabústaðar að ástandið hefði verið fyrirbyggjanlegt. Enginn viðstaddra virtist átta sig á að besta vörnin hefði auðvitað verið í því fólgin að hleypa ekki af stokkunum tæplega tveggja áratuga harðstjórn hömlulausrar frjálshyggju úti í Viðey árið 1991.

**ENN** aðrir eru svo reiðir að þeir krefjast þess að strax sé kosið aftur. Þeir virðast trúa að stóra lausnin sé í því fólgin að flytja þingmenn á milli flokkanna fimm sem bera ábyrgð á ástandinu. Sumir vilja kannski meina að tveir þeirra séu stikkfrí. En gleymum ekki að í aðdraganda þessara fyrirsjáanlegu þrenginga voru helstu áhyggjuefni þeirra annars vegar fjöldi Pólverja á Íslandi („vandamál“ sem nú er að leysa sig sjálft) og hins vegar liturinn á ábreiðunum á fæðingardeildinni. Það er gott og blessað að vilja núna afnema eftirlaunaósómann, en það er dálítið of seint.

**REIÐI** getur verið drifkraftur til góðra verka sé hún virkjuð af kærleika og skynsemi. Annars afmyndar hún fólk og sviptir það reisn. Reiðumst því að bankarnir gerðu okkur að þjófum. Reiðumst því að stjórnvöld gerðu okkur að betlurum. En gætum þess að láta reiðina ekki gera okkur að fíflum.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er sunnudagurinn
9. nóvember, 315. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.38 | 13.11 | 16.44 |
| Akureyri | 9.36 | 12.56 | 16.16 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# Við erum hagkvæm – þú getur bókað það

Við erum leiðandi í framboði ódýrra fargjalda.
Frábært verð, þægindi og góð þjónusta eru órjúfanleg heild hjá Iceland Express.
Bókaðu ferðina þína á **www.icelandexpress.is**

» Verð frá:
**12.490 kr.**

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð og valdar dagsetningar til og frá London, Kaupmannahöfn og Berlín.

**Iceland Express**
með ánægju



www.icelandexpress.is